

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. maí 2020

20. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX



TUDOR



TAGHeuer



LONGINES



NOMOS
GLASHÜTTE



TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Icelandair gæti látið reyna á forgangsréttarákvæði Gæti greitt götuna fyrir ráðningu starfsfólks utan Flugfreyjufélags Íslands. Fyrirverandi forstjóri telur þetta raunhæfan möguleika.	Saka Sýn um að breiða yfir „afleitan rekstur“ Eigendur 365 segjast ekki geta setið undir því að forstjóri Sýnar ætli að gera þau að „blóraböggjum“ fyrir eigin slægu frammistöðu.	Brunnur safnar í átta milljarða vísisjóð Brunnur II hyggst fjárfesta fyrir 150 til 350 milljónir króna í hverju félagi. Vísisjóður í rekstri Brunns Adventures í fimm ár er fullfjárfestur.	Fáir fjárfestar hafa tapað meiru en PAR Capital Stærsti hluthafi Icelandair hefur minnkað markvisst við sig í flugfélögum á síðustu mánuðum. Eignasafn PAR Capital minnkaði um sextíu prósent.	Árangursríkt samvinnuverkefni „Verkefnið [við losun hafta] var ekki eins einfalt og sumir vildu vera láta og stjórnmálaleg staðfesta var ekki það eina sem þurfti,“ segir Már Guðmundsson, fyrirverandi seðlabankastjóri.
2	4	6	8	14



Við höfum meira að segja haft verkefni á Suðurskautslandinu.

Allur heimurinn er undir

Loftleiðir Icelandic, dótturfélag Icelandair Group, hefur leigt flugvélar um allan heim, að sögn **Arna Hermanssonar** framkvæmdastjóra. Viðskiptavinirnir hafa einkum starfað í framandi löndum á borð við Gana, Sierra Leóne, Papúa Nýju-Gíneu. Farþegaflug liggur niðri og því var sex flugvélum breytt í fraktvélar. ➔ 10

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800



Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Málaferli gætu haft áhrif á milljarða innheimtu

Dómur í máli verk-taka og Samtaka iðnaðarins gegn Reykjavíkurborg, kann að hafa áhrif á innheimtu borgarinnar á innviðagjöldum fyrir marga milljarða króna, að sögn sviðsstjóra hjá samtökunum. Aðalmeðferð í málinu fer fram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Stefnufjárhæðin í umræddu máli er um 120 milljónir króna en fordæmisgildi dómsins getur orðið viðtækt og haft áhrif á innheimtu á innviðagjöldum við framtíðaruppbyggingu Reykjavíkurborgar.

Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins, segir að veruleg óvissa sé um heimildir Reykjavíkurborgar til þess að standa í tekjuöflun með innheimtu innviðagjalds á einkaréttarlegum grunni. A það reyni í dómsmálinu. Vonir standa til þess að niðurstaða liggi fyrir áður en dómurinn tekur réttarhlé í sumar.

„Kjarni málsins,“ nefnir hún, „er sá að umrætt innviðagjald hefur verið innheimt af borginni, sem endurgjald fyrir þjónustu á sviði skipulagsmála en þau teljast til lögbundinna verkefna borgarinnar.

Einnig átti að ráðstafa gjaldinu til verkefna sem teljast til lögbundinna verkefna sveitarfélagsins, til dæmis fjármögnunar skólabygginga, og verkefna sem þegar eru fjármögnuð með gatnagerðargjaldi til að kosta gerð nýrra gatna og fleira.

Í þessum skilningi er gjaldið nýtt sem almennt tekjuöflunartæki Reykjavíkurborgar, til viðbótar við þá tekjustofna sem borginni standa nú þegar til boða á grundvelli laga,“ segir hún.

Markaðurinn greindi frá stefnunni á hendur Reykjavíkurborg í



Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins. FRÉTTABLAÐID/ANTON

október í fyrra. Þá sagði Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hagsmunaaðila hafa kosið að láta reyna á rétt sinn með málsókninni. Hagsmunirnir væru miklir enda hefði gjaldið áhrif á byggingarkostnað og hækkaði mögulega söluverð nýbygginga

Jóhanna Klara segir Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi gjalddtöku um lögmæti gjaldsins. Gjaldið hækki byggingarkostnað, auk þess sem gjaldtakan virðist handahófskennd enda sé upphæð gjaldsins, miðað við fermetra, mismunandi eftir svæðum.

„Þess ber að geta að slík innheimta stenst ekki skoðun þegar um breytingu á deiliskipulagi er að ræða á þegar byggðum svæðum, þar sem innviðauppbýggingar er ekki þörf.

Þessu til viðbótar má benda á að svo virðist sem innheimta gjaldsins leiði síðan ekki til hraðari innviðauppbýggingar og jafnvel að sú innviðauppbýgging sem innheimt innviðagjald á að standa straum af eigi sér ekki stað,“ segir hún. – kij



Grunnsviðsmynd stjórnenda Icelandair Group gerir ráð fyrir að flugfélagið muni ekki ná sama farþegafjölda og í fyrra – um 4,4 milljónum farþega – fyrr en árið 2024. Hluthafafundur er boðaður á föstudag. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Gætu sótt flugfreyjur utan stéttarfélagsins

Icelandair íhugar að láta reyna á ákvæði um Flugfreyjufélag Íslands fyrir félagsdómi, ef samningar nást ekki. Gæti greitt fyrir ráðningu starfsfólks utan stéttarfélagsins. Fyrrverandi forstjóri telur þetta vera raunhæfan möguleika.

Icelandair Group gæti látið reyna á kjarasamningsákvæði fyrir félagsdómi, svo að unnt sé að ráða flugfreyjur sem standa utan Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ). Þetta er valmöguleiki sem stjórnendur Icelandair Group íhuga að grípa til, samkvæmt heimildum Markaðarins, ef ekki nást samningar við stéttarfélagið.

„Þetta hlýtur að vera einn af þeim valkostum, sem Icelandair verður að skoða, þar sem staða félagsins er mjög erfið,“ segir Jón Karl Ólafsson, stjórnarformaður TravelCo og fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, í samtali við Markaðinn.

„Opinn og frjáls vinnumarkaður þýðir í raun að það er mögulegt að leita starfsmanna utan ákveðinna stéttarfélaga og félagafrelsi tryggir að starfsfólk þarf ekki að vera í ákveðnu stéttarfélagi, ef það kys svo. Að því leyti ætti þetta að vera raunhæfur möguleiki fyrir félagið að skoða,“ segir Jón Karl.

Jón Karl segir að í flestum kjarasamningum tengdum Icelandair, megi finna ákvæði um að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags eigi forgangsrétt á störfum hjá flugfélaginu. „Það er hins vegar ólíklegt, að þessi forgangsréttarákvæði standist ef starfsmaður kys, af einhverjum ástæðum, að vera utan stéttarfélags,“ bæti Jón Karl við.

Þá bendir hann á að finna megi mörg dæmi um mál þar sem einstaklingar hafi ekki viljað vera í ákveðnum stéttarfélögum og lent í vandræðum hjá vinnuveitanda vegna þess. Niðurstaðan í þessum málum hafi nær undantekningarlaust verið starfsmönnum í hag, þar sem vísað var í grundvallarreglu í félagarétti, sem sé að fólk geti staðið utan félags.

„Ef starfsmaður vill semja við

Félagafrelsi tryggir að starfsfólk þarf ekki að vera í ákveðnu stéttarfélagi ef það kys svo. Að því leyti ætti þetta að vera raunhæfur möguleiki fyrir félagið.

Jón Karl Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair

Icelandair og kys að standa utan stéttarfélags, þá get ég ekki séð að það verði hægt að banna slíkt með vísun í skilyrði í kjarasamningi við stéttarfélag. Það hafa áður verið áhafnir við störf hjá íslenskum félögum, sem hafa staðið utan stéttarfélaga,“ segir Jón Karl og rekur að WOW air hafi um tíma unnið með áhafnaleigum og fengið flugmenn til starfa með þeirri leið.

„Primera Air var með blöndu erlendra og innlendra áhafna,“ nefnir Jón Karl, en hann stýrði félaginu á árunum 2008 til 2014. „Stéttarfélög voru ekki alltaf sáttn við þetta og meðal annars boðaði Flugfreyjufélag Íslands itrekað til verkfalla hjá Primera Air, þó að enginn starfsmaður félagsins væri þar félagsmaður. Ef ég man rétt, þá var öllum þessum málum vísað frá félagsdómi og ekki kom til verkfalla.“

Fulltrúar Icelandair gátu ekki tjáð sig um málið þegar eftir því var leitað. Icelandair hefur nú þegar náð samningum við flugmenn og flugvirkja, en félagið kappkostar að ná fram yfir 20 prósentu hagræðingu í launakostnaði fyrir hluthafafund á föstudaginn þar sem tekin verður ákvörðun um liðlega 30 milljarða

hlutafjárútboð. Flestir stærstu hluthafar Icelandair Group, sem eru einkum íslenskir lífeyris- og verðbréfasjóðir, gera það að skilyrði fyrir mögulegri aðkomu að hlutafjárútboði flugfélagsins, að kjarasamningar náist við flugstéttir Icelandair til mjög langs tíma.

Flugfreyjufélag Íslands hafnaði samningstilboði sem Icelandair Group lagði fram 10. maí. Tillögur Icelandair til breytinga á kjarasamningum flugfreyja myndu gera flugfélaginu kleift að fjölga meðalfjölda flugtíma um ríflega fimmtán prósent á ári, sem er ígildi eins Evrópuflugs á mánuði.

Breytingarnar myndu þannig „færa Icelandair frá því að vera flugfélag þar sem flugfreyjur og flugþjónar fljúga hlutfallslega fáa tíma, í að vera samkeppnishæft við önnur flugfélög á okkar mörkuðum,“ eins og segir í kynningu á samningstilboðinu sem Markaðurinn greindi frá í síðustu viku. Ekki eru lagðar til breytingar á orlofsréttindum en flugfreyjur Icelandair fá allt að 43 daga í orlof á ári.

Laun flugfreyja Icelandair myndu standa í stað á næstu tveimur árum og hækka um þrjú prósent árið 2023 samkvæmt samningstilboðinu. Launahækkanir yrðu svo fjögur prósent á hvoru ári 2024 og 2025. Í kynningunni kom fram að heildargreiðslur til flugfreyja – það er útborguð laun og dagpeningar – væru að meðaltali á bilinu 460 þúsund krónur til 600 þúsund krónur á mánuði, samkvæmt nýgildandi kjarasamningi. Er þá miðað við meðaltalsupphæðir óháð áfangastöðum. Til viðbótar ættu flugfreyjur árlega rétt á desemberuppbót og orlofsuppbót, að fjárhæð samantlagt um 260 þúsundum króna. hordur@frettabladid.is, tffh@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

VELDU GÆÐI!

Tilboð í maí

Allar tertur á 2900 kr.

Daim terta
Kaka ársins
Hindberja og súkkulaðiterta
Jarðarberjaterta.

VELJUM ÍSLENSKT

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

ÞÚ GETUR STÓLAÐ Á GÆÐIN



Every 172 skrifborðsstóll

HÖNNUN: Id Aid, Sven Von Boetticher.

Fjölhæfur og einfaldur í senn.

Léttur, gegnsær og hannaður með framtíðarþarfir að leiðarljósi.

TILBOÐSVERÐ:

79.900 kr.

Verð áður: 109.452 kr.

- Hæðarstilling
- Dýptarstilling setu
- Stillanlegur mjóhryggsstuðningur
- Samhæfð stilling setu og baks, fylgir hreyfingum notandans
- Hallastillanleg seta.
- Með eða án arma sem eru fjölstillanlegir
- Mjúk eða hörð hjól
- Bólstruð seta og netbak
- Fæst með hækkun og fóthring
- Gerður fyrir notendur allt að 125 kg



5 ÁRA ÁBYRGÐ

Fansa rafhækkanlegt skrifborð

HÖNNUN: Valdimar Harðarson

Íslensk gæðahönnun

VERÐ FRÁ:

***79.900 kr.**

- Hæðarstilling: 62,5 – 127,5 sm
- Burðarþol: 125kg – 2 hljóðlátir mótórar <50dB
- Áminning um að standa upp
- Minnisstilling fyrir 3 notendur
- Borðplötur með harðplasti fæst í hvítu, með eikar- eða beykiáferð
- Lengdir: 120, 140, 160 og 180 sm og breidd 80 sm
- Borðgrind er í svörtu, hvítu og gráu
- Stilliskrúfur undir fótum
- Fáanlegt með búnaði til að stjórna borðinu með appi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Sýn vilji breiða yfir „afleitan rekstur“

Eigendur 365 segjast ekki geta setið undir því að forstjóri Sýnar ætli að gera þau að „blóraböggjum fyrir eigin slælegu frammistöðu“. Viðskipti erlendis séu í uppnámi. Sýn telur hlaðvarp og sjónvarpsframleiðslu á vegum Fréttablaðsins fara gegn samkeppnisbanni.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Hjónin Ingibjörg Stefania Pálmadóttir, aðaleigandi fjárfestingafélagsins 365, og Jón Ásgeir Jóhannesson telja Sýn hafa valdið þeim miklu tjóni og óþægindum með málsókn á hendur þeim. Nú þegar séu í uppnámi ábatasöm viðskipti þeirra á erlendum vettvangi.

Þau segja erfitt að verjast þeirri tilhugsun að málatilbúnaði Sýnar sé ætlað að „breiða yfir afleitan rekstur“ félagsins frá því að það tók við eignum 365 miðla, nú 365, á ljósvaka- og fjarskiptamarkaði í desember árið 2017.

Þau geti ekki setið undir því að Heiðar Guðjónsson, forstjóri og fyrrverandi stjórnarformaður Sýnar, ætli „í örvæntingu sinni“ að gera þau að „blóraböggjum fyrir eigin slælegu frammistöðu“.

Sýn segist hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna meintra brota af hálfu Fréttablaðsins, sem séu á sameiginlegri ábyrgð 365, Ingibjargar og Jóns Ásgeirs, á samkeppnisákvæði í kaupsamningi félagsins og 365.

Kaupverðið á eignum og rekstri síðarnefnda félagsins hafi verið „gríðarlega hátt“, tæplega 7,9 milljarðar króna, og það blasi við að það hefði lækkað stórlega ef félagið, Ingibjörg og Jón Ásgeir hefðu neitað að gangast undir slíkt samkeppnisbann.

Því til viðbótar sé ljóst að ljósvakastarfsemi Fréttablaðsins sé mjög til þess fallin að auka auglýsingatekjur blaðsins á kostnað meðal annars tekjuöflunar Sýnar.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í annars vegar stefnu Sýnar á hendur 365, Ingibjörgu og Jóni Ásgeiri og hins vegar stefnu hinna síðarnefndu á hendur fjarskiptarisanum, forstjóra hans og stjórnarmönnum. Markaðurinn hefur báðar stefnurnar undir höndum.

Sýn krefst þess að 365, Ingibjörg og Jón Ásgeir greiði félaginu tæplega 1,7 milljarða króna auk vaxta og dráttarvaxta vegna meintra brota á samkeppnisákvæði í samningi um kaup fjarskiptafélagsins á eignum og rekstri 365 sem fjarskiptafélagið telur að framin hafi verið af hálfu blaðsins frá vormánuðum ársins 2019. Stefnuð beri á þeim sameiginlega ábyrgð.

Eins og kunnugt er var gengið frá kaupum Sýnar á eignum og rekstri 365, að undanskildu Fréttablaðinu og tímaritinu Glamour, í lok árs 2017. 365 seldi Torg, útgáfufélag Fréttablaðsins, til Helga Magnússonar fjárfestis í október í fyrra.

Fimm milljóna sekt á dag

365 skuldbatt sig samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins að fara ekki í samkeppni við Sýn meðal annars á sviði „hljóðvarps- og ljósvakamiðlunar“ þar til í mars árið 2020 en í stefnu fjarskiptafélagsins er tekið fram að samningurinn og kaupverðið hafi verið reist á þeirri forsendu að Fréttablaðið myndi ekki – á umræddu tímabili – stunda samkeppni við félagið með notkun vefsíðu sinnar til miðlunar á ljósvakaefni. Slíkt gæti enda rýrt verulega verðmæti þeirrar starfsemi sem Sýn festi kaup á.

Í stefnu Sýnar segir að hin ætluðu brot hafi annars vegar falist í framleiðslu og útgáfu hlaðvarps á vef Fréttablaðsins, í samkeppni við útvarpsstöðvar og hlaðvörp á vegum Sýnar, og hins vegar í framleiðslu og útgáfu sjónvarpsfarnis.



Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar og einn stærsti hluthafi fjarskiptafélagsins með liðlega niu prósentu hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sýnir þetta allt hversu mjög hefur hallað á stefnanda í viðskiptum hans við stefndu.

Úr stefnu Sýnar á hendur 365, Ingibjörgu Stefaniu Pálmadóttur og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni

Er þá byggt á því að með yfirtöku á rekstri sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar undir lok árs 2019 hafi Fréttablaðið farið að taka þátt í framleiðslu á miklu magni sjónvarpsefnis.

Framkvæmd hafi verið „full samblöndun“ á prentmiðlinum Fréttablaðinu og sjónvarpsstöðinni Hringbraut með gerð vefsíðunnar hringbraut.frettabladid.is en þar megi finna allt sjónvarpsefni stöðvarinnar.

Sýn gerir kröfu um greiðslu sekta upp á fimm milljónir króna á dag fyrir hvern þann dag sem meint brot varði en félagið telur að það hafi verið í alls 317 daga.

Fjarskiptafélagið segir jafnframt ástæðulaust með öllu að gefa Ingibjörgu og Jóni Ásgeiri afslátt frá umræddri skyldu til greiðslu dagsekta, enda hafi hallað mjög á félagið í viðskiptum þess við þau.

Hlaðvarp - ekki útvarp

365, Ingibjörg og Jón Ásgeir hafa vísað málatilbúnaði Sýnar á bug og höfðuðu fyrr í mánuðinum mál á hendur félaginu, forstjóranum og stjórnarmönnum til þess að greiða hverjum stefnanda fyrir sig einn milljarð króna auk dráttarvaxta.

Í stefnu þeirra segir að málsóknin komi til vegna þess tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir vegna þess sem þau segja tilhæfulega málsókn Sýnar á hendur sér.

Markmið fjarskiptafélagsins með málsókninni sé fyrst og fremst, eins og segir í stefnunni, að „breiða yfir afleitan rekstur Sýnar frá því að félagið tók við eignum 365 á ljósvaka- og fjarskiptamarkaði“. Þannig hafi hlutabréfaverð félagsins lækkað verulega, rúmlega helmingast, frá kaupunum og félagið hafi birt ítrekaðar afkomuviðvaranir eins



Hjónin Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Stefania Pálmadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og tilkynningar þess til Kauphallarinnar staðfesta.

Ingibjörg og Jón Ásgeir hafna því að rekstur hlaðvarps á vef Fréttablaðsins og framleiðsla sjónvarpsfarnis Hringbrautar hafi falið í sér brot á samkeppnisbanninu sem þau hafi gengist undir.

Hvað fyrra atriðið varðar sé hvergi í kaupsamningnum vikið einu orði að orðinu hlaðvarpi, enda hafi það ekki verið andlag sölunnar til Sýnar. Þegar af þeirri ástæðu geti samkeppnisbannið ekki náð til þess háttar starfsemi. Því fari auk þess viðsfjarri, eins og fjarskiptafélagið haldi fram, að hlaðvarp sé það sama og útvarp.

Þá hafi tekjur umrædds hlaðvarps numið aðeins 800 þúsundum króna eða 0,035 prósentum af heildartekjum Torgs.

„Að fara fram með kröfu gegn stefnendum, sem eru 2.100-faldar þessar tekjur, felur ekkert annað í sér en að með ásetningu eða minnsta kosti stórfelldu gáleysi sé verið vísvitandi að valda stefnendum tjóni,“ segir í stefnunni.

Hvað síðarnefnda atriðið, um sjónvarpsrekstur Hringbrautar, varðar segja hjónin að þau beri augljóslega ekki ábyrgð á rekstri Torgs eftir að félagið komst í hendur

Markmið stefndu með tilhæfulegri málsókn á hendur stefnendum er fyrst og fremst að breiða yfir afleitan rekstur Sýnar.

Úr stefnu 365, Ingibjargar Stefaniu Pálmadóttur og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á hendur Sýn, forstjóra félagsins og stjórnarmönnum

óskylds þriðja aðila. Það hafi enda ekki verið stafkrókur um það í kaupsamningnum að þau hafi verið skuldbundin til þess að sjá til þess að óskyldur þriðji aðili yrði bundinn af samkeppnisbanninu. Slíkt bann myndi aukinheldur ekki samrýmast ákvæðum samkeppnislaga.

Krefjast miskabóta

Ingibjörg og Jón Ásgeir segja málatilbúnað Sýnar valda sér umtalsverðu tjóni sem þau krefjast að fá bætt að fullu.

Sem dæmi hafi málatilbúnaðurinn þegar valdið þeim miklum óþægindum, meðal annars í samskiptum við fjármálastofnanir, og viðbúið sé að svo verði áfram

eftir því sem málið komist í kastljós fjölmiðla. Nú þegar séu í uppnámi ábatasöm viðskipti þeirra á erlendum vettvangi sem rekja megi til málsóknar Sýnar.

Málsóknin veki þau „hughrif að stefnendum séu aðilar sem standi ekki við gerða samninga og skuldi háar fjárhæðir þegar fyrir liggur að orðspor er þeim einkar mikilvægt í viðskiptum frá degi til dags,“ eins og segir í stefnunni.

Er meðal annars bent á að stefnendum hafi þurft, hver fyrir sig, að upplýsa lánastofnanir, viðsemjendur og hagsmunaaðila um málsókn Sýnar. Þá sé möguleiki á því að skilmálar lánasamninga komist í uppnám og viðskiptatækifæri glatist.

Þess má geta að 365 er stærsti hluthafi Skeljungs með tæplega þrettán prósentu hlut og þá gegnir Jón Ásgeir stjórnarformennsku í oliufélaginu. Enn fremur er tekið fram í stefnunni að 365 eigi fjölda fasteigna og hlutabréfi allnokkrum skráðum og óskráðum félögum hér á landi og erlendis.

Auk kröfu um skaðabætur með vísan til almennu sakarreglunnar byggja Ingibjörg og Jón Ásgeir á því að þau eigi rétt á miskabótum. Athafnir Sýnar hafi enda falið í sér ólögmeta meingerð í þeirra garð.

Laugarnar í Reykjavík




Velkomin aftur

Höldum bilinu

Sýnum hvert öðru tillitssemi og virðum 2 metra
fjarlægðarmörkin alls staðar þar sem mögulegt er

Gestir eru á eigin ábyrgð
Við erum öll almannavarnir



www.itr.is

Brunnur safnar í átta milljarða vísisjóð

Brunnur II hyggst fjárfesta fyrir 150 til 350 milljónir króna í hverju félagi. Vísisjóður sem hefur verið í rekstri Brunns Adventures í fimm ár er fullfjárfestur. Fimm af ellefu fyrirtækjum í eignasafninu hafa fengið fjármögnun frá erlendum fjárfestingasjóðum.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Brunnur Ventures vinnur að því að koma á fót átta milljarða nýsköpunarsjóði eða vísisjóði (e. venture capital fund) eins og þeir eru nú gjarnan kallaðir, sem bera mun nafnið Brunnur vaxtarsjóður II. Fyrir rúmum fimm árum komu fjárfestingastjórnarnir Árni Blöndal og Sigurður Arnljótsson upp fjögurra milljarða fjárfestingasjóði í nýsköpun, Brunni vaxtasjóði, í samstarfi við Landsbréf. Sjóðurinn hefur meðal annars fjárfest í Oculis, Grid, Avo Software og DT Equipment. Sigurður tók þátt í að stofna leikjafyrirtækið CCP árið 1999 og var forstjóri fyrirtækisins í fjögur ár. Sama ár gerðist Árni meðstofnandi í netfyrirtækinu BePaid.com og stýrði því í eitt ár. Í kjölfarið stýrði hann vísisjóðnum Uppsprettu í

Í stórum dráttum hefur Covid-19 heimsfaraldurinn lítil áhrif á þróunarstarf félaganna í eignasafni Brunns vaxtar-sjóðs.

Árni Blöndal.

fimm ár. „Við búum að því að hafa verið með vindinn í fangið við rekstur sprotafyrirtækja og þurft að taka erfiðar ákvarðanir,“ segir Árni. Sigurður segir að fjárfestingastefnan hafi gefið góða raun en Brunnur vaxtarsjóður sé nú fullfjárfestur. „Þess vegna fannst okkur lag að stofna annan sjóð sem byggir á sömu hugmyndafræði. Við fjárfestum snemma í áhugaverðum tækni-fyrirtækjum sem státa af öfluglu teymi og góðri hugmynd sem hafa samkeppnisforskot og eru jafnvel einkaleyfishæf. Horft er til þess að fjárfesta fyrir 150 til 350 milljónir

króna í hverju félagi,“ segir hann.

Tækifæri í samdrætti

Árni segir að mikil tækifæri felist í því að fjárfesta í nýsköpun á samdráttarskeiði. Við það komist hreyfing á atvinnumarkaðinn og nýjar hugmyndir að fyrirtækjum komist á reksþól. Lífeyrissjóðir, Landsbankinn og nokkrir fjársterkir einstaklingar lögðu Brunni til fé. „Vonandi mun sami hópur horfa til þess að endurtaka leikinn í nýjum sjóði. Við erum nýlega byrjaðir að láta fjárfesta vita að unnið sé að Brunni vaxtarsjóði II,“ segir Sigurður. Hann segir að ávöxtun vísisjóða fylgi almennt ekki hagsveiflum og því hafi efnahagshremmingar sem rekja megi til kórónuveirunnar minni áhrif á rekstur félaga í eigu Brunns vaxtarsjóðs en margra hefðbundinna fyrirtækja. Árni bendir á að fyrirtækin séu almennt enn að þróa vörur áður en markaðssókn hefst. Möguleikar séu fyrir nýfjármögnuð fyrirtæki að biða af sér storminn áður en

kostnaðarsamt markaðsstarf hefjist. „Í stórum dráttum hefur Covid-19 heimsfaraldurinn lítil áhrif á þróunarstarf félaganna í eignasafni Brunns vaxtarsjóðs.“ Að sögn Sigurðar hefur verið mikill uppgangur í sprotaumhverfinu hérlandis á undanförunum árum. Reynsla frumkvöðla og teyma, alþjóðlegt tengslanet og jákvæðni gagnvart sprotum hafi aukist. „Vísisjóðir hafa lagt sitt af mörkum til að skapa frjótt umhverfi. Frá árinu 2015 hafa fjórir slíkir sjóðir tekið til starfa. Þeir hafa fjárfest í um 50 fyrirtækjum. Gleymum ekki að Marel, Össur og CCP hófu öll göngu sína sem litlir sprotar. Okkar markmið er að leggja grunninn að næsta stóra fyrirtæki hér á landi,“ segir hann. Erlendir sjóðir með Árni segir að það varpi ljósi á árangur nýsköpunarfyrirtækja hérlandis að erlendir fjárfestingasjóðir hafi fjárfest í fimm af ellefu í eignasafni Brunns. „Það eru nýmæli. Sérhæfðir sjóðir búa yfir mikilli þekkingu og

geta vísað fyrirtækjunum veginn hvað varðar næstu skref,“ bætir hann við. Sex sérhæfðir sjóðir í lyfjaiðnaði hafi til dæmis fjárfest í Oculis, sem þróar augnlyf fyrir sjúkdóm sem herjar á sykursjúka, og DT Equipment, sem efnagreinir bráðið ál í rauntíma, er að ljúka 5,5 milljónum dollara fjármögnun. Í fjárfestahópnum er sérhæfður sjóður í þeirri atvinnugrein. Styrkir frá ESB Því til viðbótar hafi þrjú fyrirtæki í eignasafninu hlotið styrki frá Evrópusambandinu. „Ísland er komið inn á kortið hvað þessa styrki varðar. Þannig var því ekki háttáð þegar ég rak vísisjóð uppúr aldamótunum. Það breytir miklu hvað varðar getu Íslands til að unga út sportafyrirtækjum sem geta keppt alþjóðlega. Við erum nú að minnsta kosti á pari við hin Norðurlöndin,“ segir Árni. Oculis, sem hefur náð miklum árangri á undanförunum árum, var stofnað árið 2003. „Stjórn-



ATVINNULÍFIÐ ER LÍF OKKAR ALLRA

Þegar þú ferð með fjölskylduna í ísbíltúr tekur atvinnulífið kipp. Þegar íssalinn lætur flísaleggja baðherbergið kemur annar kippur. Flísarinn lætur standsetja gamla hjólið sitt fyrir sumarið

og enn kemur kippur, sem heldur áfram þegar hjólaviðgerðar- maðurinn kaupir íslenskan trúlofunarhring handa kærustunni. Loksins. Allt í einu er allt komið af stað á ný.





Árni Blöndal og Sigurður Arnljótsson stýra Brunni Ventures. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

endur fyrirtækisins höfðu bankað á margar dyr en við tókum afskarið og komum að fyrirtækinu í töluvert stærri fjármögnun en við erum vanir. Það reyndist góð ákvörðun því í kjölfarið fengu þeir háa styrki

og innan við ári síðar gekk Novartis, stærsti lyfjaframleiðandi í heimi, í hluthafahópinn. Novartis leiddi sex milljarða fjármögnun,“ segir Árni. Þekkt er að örfá fyrirtæki beri uppi ávöxtun vísisjóða en að flest

félögin í eignasafninu nái ekki flugi. „Oculus gæti náð framúrskarandi árangri fyrir Brunn. Við erum stærsti hluthafi fyrirtækisins en lögðum félaginu til mikilvægt fjármagn á fyrstu skrefum þess. Út

á það ganga fjárfestingar vísisjóða,“ segir Árni. Sigurður segir að þeir séu óhræddir við að leiða fjármögnun fyrirtækja sem eru að taka sín fyrstu skref en reyni síðan að fá sérhæfða

Oculus gæti náð framúrskarandi árangri fyrir Brunn. Við erum stærsti hluthafi fyrirtækisins en lögðum félaginu til mikilvægt fjármagn á fyrstu skrefum þess.

Árni Blöndal.

sjóði til liðs við þau. „Við hjálpum fyrirtækjum að komast á næsta stig.“ Árni segir að fjárfestingarnar eigi sér stundum langan aðdraganda. „Við skoðuðum Oculus í tvö ár og EpiEndo í þrjú ár,“ segir hann. EpiEndo vinnur að þróun lyfs við lungnaþembu. Sigurður segir að eftir því sem fyrirtæki eru komin lengra á veg minnki áhættan af því að fjárfesta í þeim. „Stundum er fyrirtækið ekki komið nægilega langt til að skynsamlegt sé fyrir sjóðinn að ríða á vaðið og þá biðum við.“ Aðspurðir um möguleika á sölu fyrirtækjanna segir Árni að einkum sé horft til að selja þau til erlendra fyrirtækja. „Sjaldnast er stefnt að því að skrá fyrirtækin í kauphöll. Oft er horft til stórra tæknifyrirtækja til að kaupa nýsköpunarfyrirtæki til að bjóða viðskiptavinum upp á nýja vöru í vöruframboði þeirra.“

Begar þú velur íslenskt tekur atvinnulífið við sér!

ÍSLENSKT

gjörir svo vel

Fáir flugfjárfestar hafa tapað meiru

Stærsti hluthafi Icelandair Group hefur minnkað markvisst við sig í flugfélögum á síðustu mánuðum. Eignasafn PAR Capital minnkaði um sextíu prósent á fyrsta fjórðungi ársins. Fáir stofnanaffjárfestar hafa orðið meira fyrir barðinu á kórónuveirunni.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Bandaríski fjárfestingarsjóðurinn PAR Capital Management, sem er stærsti hluthafi Icelandair Group, hefur á undanföllum vikum og mánuðum selt hlutabréf í fyrirtækjum í ferðaþjónustu, svo sem flugfélögum, bílaleigum og bókunarsíðum, fyrir meira en eitt hundrað milljarða króna, samkvæmt samantekt Markaðarins.

Eignasafn sjóðsins, sem sérhæfir sig í fjárfestingum í ferðaþjónustu, minnkaði um líðlega sextíu prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins og var metið á um 2,4 milljarða dala, jafnvirði tæplega 350 milljarða króna, í lok mars síðastliðins.

Nær útilokað er talið að PAR Capital, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Icelandair Group í apríl í fyrra, taki þátt í fyrirhuguðu hlutfjárútbóði flugfélagsins í næsta mánuði. Rétt eins og gildir um flest flugfélög í eignasafni sjóðsins hefur hann minnkað við sig í íslenska flugfélaginu síðasta mánuðinn, með sölu á samanlagt um 1,2 prósent hlut, og heldur hann nú á 12,5 prósent hlut í félaginu.

Eignarhlutur bandaríska sjóðsins í Icelandair Group hefur rýrnað um 5,5 milljarða króna í virði frá því að hann fjárfesti í félaginu fyrir rúmu ári.

Fáir stofnanaffjárfestar hafa tapað meira á fjárfestingum sínum á allra síðustu mánuðum – eftir að kórónuveiran fór að breiðast út um heiminn – en PAR Capital en í umfjöllun bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes frá því í mars síðastliðnum var sjóðurinn nefndur í sömu andrá og Berkshire Hathaway, fjárfestingafélag sem er stýrt af auðkýfingnum Warren Buffett, og eignastýringarfyrirtækið Primecap sem þeir fjárfestar í flugrekstri sem hefðu orðið hvað mest fyrir barðinu á kórónuveirunni.

Stærstu eignir PAR Capital hafa fallið um 25 til 75 prósent í markaðsvirði það sem af er ári.

Þess má geta að Buffett greindi frá því á nýlegum aðalfundi Berkshire Hathaway að félagið hefði selt öll hlutabréf sín í flugfélögum. Hann sagði flugfélög standa frammi fyrir breyttri heimsmynd í kjölfar kórónufaraldursins.

„Við munum ekki fjármagna fyrirtæki sem við teljum að muni



Flugvélafloti JetBlue Airways, sem PAR Capital Management fer með eignarhlut í, hefur nær allur staðið óhreyfður síðustu mánuði, rétt eins og floti annarra flugfélaga. Hlutabréf í flestum af stærstu flugfélögum heims hafa lækkað um meira en helming í verði á undanföllum mánuðum. MYND/GETTY

Próun hlutabréfaverðs

Próun hlutabréfaverðs nokkurra eigna PAR Capital frá áramótum

Icelandair Group	75% ▼
United Airlines	75% ▼
American Airlines	68% ▼
Delta Air Lines	65% ▼
JetBlue Airways	55% ▼
Expedia	32% ▼
Booking	26% ▼

brenna peningum í framtíðinni,“ nefndi Buffett.

Selur sig niður í flugfélögum

Samkvæmt samantekt Markaðarins, sem byggir á gögnum sem PAR Capital hefur sent bandaríska verðbréfaeftirlitinu, minnkaði fjárfestingarsjóðurinn á fyrstu þremur mánuðum ársins við sig í flestum þeim flugfélögum sem hann hefur fjárfest í.

Sem dæmi seldi hann 2,3 prósent hlut í United Airlines, 0,6 prósent hlut í Alaska Air og JetBlue Airways, 0,5 prósent hlut í Amer-

ican Airlines og Volaris og 0,3 prósent hlut í SkyWest Airlines.

Jafnframt seldi PAR Capital sig alfarið út úr bílaleigunum Hertz Global og Avis Budget á ársfjórðungnum en fyrir viðskiptin fór hann með 6,4 prósent hlut í fyrrnefndu leigunni og 0,3 prósent í þeirri síðarnefndu.

Fjárfestingarsjóðurinn minnkaði einnig við sig í bókunarrisanum Expedia, með sölu á 2,5 prósent hlut, en á sama tíma bætti hann við sig hálfs prósent hlut í helsta keppinautnum, Booking. Er 0,8 prósent hlutur PAR Capital í síðarnefnda félaginu – að virði um 505 milljóna dala – nú langstærsta einstaka eign sjóðsins.

Auk Booking hefur fjárfestingarsjóðurinn aukið við sig í Spirit Airlines á síðustu mánuðum en hann fór í lok marsmánaðar með 2,4 prósent hlut í lággjaldaflugfélaginu borið saman við 0,7 prósent hlut í lok síðasta árs.

Allt í allt má þannig ætla að PAR Capital hafi selt hlutabréf í ferðaþjónustufyrirtækjum fyrir jafnvirði

350

milljarðar króna var virði eignasafns PAR Capital Management í lok mars síðastliðins.

meira en hundrað milljarða króna á undanföllum mánuðum.

Allt að 75 prósent lækkun

Hlutabréf flestra þeirra flugfélaga sem PAR Capital fer með hlut í hafa lækkað um meira en helming í verði frá því að kórónuveiran fór að breiðast út um heiminn fyrr á árinu á meðan lækkun hlutabréfaverðs í öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum í eignasafni sjóðsins hefur að jafnaði verið minni.

Sé litið til stærstu fjárfestinga PAR Capital hefur United Airlines,

sem fjárfestingarsjóðurinn fer með 3,2 prósent hlut í að virði um 190 milljóna dala, fallið um 75 prósent í markaðsvirði frá áramótum.

Hlutabréf í Booking hafa á sama tíma lækkað um 26 prósent í verði, gengi hlutabréfa í Expedia, sem sjóðurinn á 2,8 prósent hlut í, hefur fallið um 32 prósent og þá hefur hlutabréfaverð í Allegiant Air farið niður um 53 prósent en PAR Capital heldur á 9,7 prósent hlut í bandaríska lággjaldaflugfélaginu. Sjóðurinn fer auk þess með 0,6 prósent hlut í Delta Air Lines sem hefur lækkað um 65 prósent í virði á árinu.

Þess má geta að gengi hlutabréfa í Icelandair Group hefur lækkað um tæp 75 prósent það sem af er ári en alls hefur það farið niður um áttatíu prósent frá því að PAR Capital kom fyrst inn í hluthafahópinn í apríl í fyrra.

PAR Capital er sem kunnugt er stýrt af Paul A. Reeder en hann kom sjóðnum á fót árið 1990, þá 27 ára að aldri. Áður hafði hann starfað sem fluggreinandi.

VIÐ ERUM MEÐ LAUSNINA

fyrir vinnurýmið

Opin vinnurými eru hugsuð til að fólk vinni vel saman og eigi auðvelt með að deila frjóum hugmyndum með samstarfsfólki þegar þær kvikna. Sum verkefni krefjast næðis og þá er nauðsynlegt að bjóða upp á hvort tveggja. Verkefnamiðuð vinnuaðstaða er lausnin.

Fáðu ráðgjöf hjá starfsfólki húsgagnadeildar A4 til að finna bestu mögulegu lausnina á þínum vinnustað, hafðu samband í síma 580 0000 eða á husgogn@a4.is.



Verið velkomin í sýningarsal húsgagna Skeifunni 17

..... **AFMÆLISTILBOÐ**

27-60%
AF ÖLLUM VÖRUM



31%

WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 189.900 KR.
NÚ **129.900 KR.**



31%

HEADPOINT
LISTAVERÐ 79.900 KR.
NÚ **54.900 KR.**



50%

NAVIGO
LISTAVERÐ 89.900 KR.
NÚ **44.950 KR.**



35%

RAFMAGNSBORD
AFMÆLISTILBOÐ
FRÁ **58.175 KR.**



40%

SITNESS 5
LISTAVERÐ 52.900 KR.
NÚ **31.740 KR.**

35%
AF ÖLLUM
RAFMAGNSBORDUM



50%

W3
LISTAVERÐ 84.900 KR.
NÚ **42.450 KR.**

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37
Sími: 564-5040

www.hirzlan.is


RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Nær allur flugrekstur í heiminum liggur niðri vegna kórónuveirunnar. Við brugðumst við vandanum með því að breyta á fáeinum vikum sex

Icelandair farþegaflugvélum í fraktflugvélar og komum þeim í vinnu.“ Þetta segir Árni Hermannson, framkvæmdastjóri Loftleiða Icelandic.

Loftleiðir er dótturfélag Icelandair Group og annast leiguflug. Fraktflugið er í samstarfi við systurfélagið Icelandair Cargo. „Í fyrsta sinn er Icelandair Group að fljúga átta fraktflugvélum. Icelandair Cargo var þegar með tvær flugvélar í rekstri. Með fraktfluginu bjuggum við til loftbrú á milli Evrópu og Kína með lækningavörur í samstarfi við flutningafyrirtækið DB Schenker til að aðstoða í baráttunni gegn kórónaveirunni,“ segir hann.

Fraktin með farþegaflugi

Árni segir að alla jafna sé stór hluti af flugfrakt fluttur með farþegaflugi. Þar sem flugsamgöngur hafi legið niðri vegna kórónaveirufaraldursins og megnið af farþegavélum í heiminum þar með kyrrsettar hafi skapast aukin eftirspurn eftir fraktflugvélum.

„Í hefðbundnu árferði er megnið af frakt á vegum Icelandair Cargo flutt með farþegaflugvélum. Styrkleiki okkar flugvéla, Boeing 757 og 767, felst meðal annars í því hvað þær geta tekið mikinn farm, mun meira en sambærilegar flugvélar frá Airbus,“ segir hann.

Hvað geturðu sagt mér um starfsemi Loftleiða?

„Icelandair stofnaði Loftleiðir í ársbyrjun 2002, skömmu eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september í Bandaríkjunum. Hugmyndin var að jafna árstíðasveiflu í rekstri Icelandair. Umsvif Icelandair voru mestmegnis á sumrin og því átti að skapa tekjur á veturna með því að leigja öðrum flugvélar sem voru ónotaðar.

Sigþór Einarsson var framkvæmdastjóri fyrirtækisins fyrstu árin. Fáeinum vikum eftir stofnun Loftleiða var ég ráðinn fjármálastjóri fyrirtækisins og var annar starfsmaður þess. Ég gegndi því starfi þar til fyrir tveimur árum þegar ég tók við framkvæmdastjórakeflinu af Guðna Hreinssyni.

Í fyrstu hét fyrirtækið Icelandair Charter and Leasing en af virðingu við hið gamalgróna nafn Loftleiðir Icelandic, annan af forverum Icelandair, tókum við það upp. Okkur þykir vænt um nafnið. Það á sér langa sögu en það verður að viðurkennast að það er ekki þjált erlendis en Loftleiðir starfa eingöngu á erlendum mörkuðum. Það kemur á óvart hvað margir útlendingar þekkja nafnið frá gamalli tíð, sérstaklega þeir sem eldri eru.

Loftleiðir er ekki flugfélag og nýtir því áhafnir Icelandair þegar óskað er eftir fullri þjónustu. Í upphafi buðum við upp á leiguflug fyrir ferðaskrifstofur og áhöfnin kom frá Icelandair. Því næst buðum við viðskiptavinum flugvél ásamt áhöfn, viðhaldi og tryggingum. Framan af var það meginhluti starfseminnar. Um nokkurt skeið hafa umsvifin að mestu snúið að því að leigja flugvélar og við önnumst viðhald þeirra. Viðskiptavinirnir ráða áhöfn og greiða tryggingar og allan annan flugtengdan rekstur.

Loftleiðir er einnig með tvær flugvélar sem leigðar eru til ferðaskrifstofa sem skipuleggja lúxusferðir hringinn í kringum heiminn. Ferðirnar taka þrjár til fjórar vikur. Yfirleitt eru tólf til 14 í áhöfn; þrír flugmenn, sex til átta flugfreyjur, flugvirki og tveir kokkar. Flugfólkið starfar allt hjá Icelandair.“

Tíu flugvélar

Hvað er Loftleiðir með margar flugvélar í rekstri?

„Loftleiðir er með tíu flugvélar í



Loftleiðir leigja flugvélar einkum til framandi landa. Árni segir að þar nýtist þekking samstæðunnar Icelandic Group. „Yfirleitt er um að ræða flugfélög sem þurfa a

Skiptu í hveli í fraktflug enda farþegaflug stopp í COVID-19

Loftleiðir Icelandic fara ekki fram á fullar greiðslur frá viðskiptavinum í ljósi þess að flug liggur niðri vegna kórónuveirunnar. Árið fór vel af stað en svo blossaði upp heimsfaraldur sem kyrrsetti flugvélar. Leiguflugfélagið starfar í framandi löndum en hefur ekki tapað háum viðskiptakröfum.

Hugmyndin er að tengja saman annars vegar Afriku og Norður-Ameríku og hins vegar Evrópu og Suður-Ameríku.

uðina til að jafna árstíðasveifluna í þeirra rekstri. Icelandair nýtir jafnframt veturinn til að sinna viðhaldi á flugvélunum,“ segir Árni.

„Loftleiðir leigir flugvélar einkum til framandi landa því þar höfum við samkeppnisforskot. Við höfum starfað í öllum heimsálfum og í fjölda landa. Við höfum meira að segja haft verkefni á Suðurskautslandinu,“ segir Árni.

Loftleiðir hefur leigt vélar til viðskiptavina í Gana, Gvæjana, Grænhöfðaeyjum, Jakútiu, Kólumbíu, Líberíu, Samóa, Sierra Leóne, Papúa Nýju-Gíneu, Síberíu og Venesúela svo fáein lönd séu nefnd. „Verkefnið í Venesúela hófst þegar Hugo Chá-

vez forseti var við völd,“ segir hann.

Keppa ekki á Vesturlöndum

Árni segir að Loftleiðir hafi undanfarin ár ekki getað boðið samkeppnishæft verð fyrir vestræna viðskiptavini. „Þar er meiri samkeppni og meira af fyrirtækjum sem geta veitt sömu þjónustu. Þess vegna horfum við til framandi markaða. Þar nýtist öll þekking samstæðunnar viðskiptavinum okkar. Yfirleitt er um að ræða flugfélög sem þurfa aðstoð á öllum sviðum rekstrarins. Við veitum því ýmsa ráðgjöf og önnumst viðhald.

Í ljósi nýrra kjarasamninga við flugmenn, lægra oliuverðs og veik-

ari krónu verður flugflotinn okkar samkeppnishæfari á Vesturlöndum. Flugvélar okkar, Boeing 757 og 767, eru frábærar. Þær draga langt og burðargetan er mikil en vegna aldurs er rekstrarkostnaðurinn hærri en gengur og gerist. Að sama skapi kostar minna að leigja vélin. Í því felast tækifæri um þessar mundir.“

Slæmt í Venesúela

Er ekki mikil pólitísk áhætta að eiga viðskipti á mörgum af þessum framandi mörkuðum?

„Jú, það er pólitísk áhætta á mörgum af þeim. Oftar en ekki vinnum við fyrir flugfélög í eigu ríkisins. Aðstæður voru sérstaklega slæmar



ðstoð á öllum sviðum rekstrarins. “ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Við förum ekki fram á fullar greiðslur eins og sakir standa, ekki frekar en okkar birgjar.

í Venesúela. Að endingu fengum við þar nánast allt greitt eftir að við förum úr landinu. Það var ótrúlega vel að verki staðið því að á þeim tíma var, og er örugglega enn, erfitt að flytja dollara úr landinu.“

Háar tryggingar

Hvernig háttíð þið greiningu á þess-um viðskiptavinum?

„Við rýnum í ársreikninga en þeir standast ekki alltaf þær kröfur sem eðlilegt er að gera til þeirra. Við óskum eftir háum tryggingum í reiðufé. Ef eitthvað bjátar á erum við með fé sem dugir í nokkra mánuði og nýttist til að fara úr landinu og markaðssetja flugvélinu til annarra viðskiptavina.

Loftleiðir hefur verið rekið með hagnaði fyrir utan fyrstu tvö starfs-árin. Staði Loftleiðir eitt og sér væri reksturinn áhættusamur en sem hluti af samstæðu Icelandair

Group hjálpum við til við að dreifa áhættunni. Í fjármálahruninu 2008 lögðum við mikið til samstæðunnar. Það var ekki kreppa í Jakútiu og Papúa Nýju-Gíneu á þeim tíma. Við vorum því með stöðugt sjóðstreymi í dollurum sem samstæðan naut góðs af á erfiðustu mánuðunum.

Í kórónuveirunni er því ekki að heilsa. Öll flugfélög í heiminum eru í vanda, líka okkar viðskiptavinir.“

Loftleiðir hagnaðist um 12,7 milljónir dollara eða 1,9 milljarða króna á árinu 2018 og tekjur námu 113,9 milljónum dollur eða jafnvirði 16,7 milljarða króna. Arðsemi eiginfjár var 64 prósent á árinu 2018 og eigin-fjárhlutfallið 47 prósent. Árni segir að árið 2018 hafi ekki verið óvenjulegt í rekstrinum. „Það hafa komið betri ár en þetta.“

Ekki tapað stórum kröfum

Eru viðskiptin það áhættusöm að þið getið leyft ykkur að rukka hærri verð?

„Þegar áhættan er meiri þarf að gera kröfu um meiri arðsemi. Jafnvel þótt fjöldi gamalla viðskiptavina hafi orðið gjaldþrota höfum við ekki tapað stórum viðskipta-kröfum.“

Hvernig er að senda Íslendinga sem eru aldir upp við öryggi og friðsæld til framandi og jafnvel hættu-

Tengja Grænhöfðaeypjar við fjórar heimsálfur með Boeing 757

Loftleiðir keypti meirihluta í Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeypjum ásamt íslenskum fjárfestum í lok árs 2018. Stjórnvöld þar í landi eiga 49 prósentu hlut. „Ríkisstjórn Grænhöfðaeypja í samvinnu við Alþjóða-bankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn samdi við okkur um að vera ráðgjafar varðandi rekstur ríkis-flugfélagsins. Flugfélagið byggir á gömlum merg en reksturinn hefur alla tíð verið dapur,“ segir Árni.

Cabo Verde Airlines tapaði liðlega 21 milljón dala, jafnvirði um 3,1 milljarði króna, í fyrra, að því er fram kemur í ársreikningi Icelandair Group. Loftleiðir eiga 35 prósentu hlut í flugfélaginu og íslenskir fjárfestar 16 prósentu hlut. Þeir eru Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, og Kjálkanes, systurfélag útgerðarfyrtækisins Gjögurs, sem á 34 prósentu hlut í Sildarvinnslunni. Systkinin Anna og Ingi Jóhann Guðmundsbörn eru stærstu eigendur Kjálkaness en Björgólfur er einnig á meðal hluthafa félagsins.

„Við þekktum til félagsins því við höfðum leigt þeim flugvél í tvö ár skömmu eftir aldamót. Bandarísk ferðaskrifstofa leigði af okkur flugvél og flaug henni frá Boston til Karabíska hafsins um helgar. Á virkum dögum flaug flugvélin frá Boston til Grænhöfðaeypja. Það er mikill samgangur þarna á milli.

Svo liðu mörg ár en við höldum sambandi við Cabo Verde Airlines. Þeir fengu okkur sem ráðgjafa í því skyni að koma rekstrinum í þannig horf að hægt væri að einkavæða flugfélagið. Í kjölfarið var okkur boðinn kaupréttur að ákveðnum hlut í félaginu. Á þeim tíma stóð til að Icelandair myndi skipta úr

legra landa til að ná stórum samningum?

„Á Íslandi þekkist ekki stétta-skipting. Við komum fram við okkar viðskiptavinum af fullri virðingu og erum lausnamiðuð. Þess vegna tekst okkur að byggja upp mjög góð sambönd. Slik sambönd er ekki hægt að byggja upp á fjarfundum eins og stundum er rætt um um þessar mundir. Öryggi er alltaf sett í fyrsta sæti og við sendum okkar fólk ekki inn á hættusvæði.“

Hvernig horfir árið við þér í rekstri Loftleiða?

„Það er of snemmt að segja, það verður bara að koma í ljós. Árið leit afar vel út þar til um miðjan mars þegar kórónuveiran blossaði upp og nær allt flug í heiminum lá niðri. Það mun taka marga mánuði fyrir okkar hefðbundnu starfsemi að komast í samt lag. Fraktsamningar hjálpa til á þessum erfiðu tímum. Það eru stuttir samningar. Við erum að flytja lækningavörur í tengslum við kórónuveiruna frá Kína til Bandaríkjanna, Kanada og Þýskalands.

Ég tel, að ef við getum nýtt flugvélar frá Icelandair í sumar, getum við sinnt þessum verkefnum fram á haust. Það er búið að leggja mörgum breiðþotum og við njótum góðs af því að reka slíkar flugvélar núna því þær bera meiri farm en þær sem njóta hylli meðal flestra flugfélaga um þessar mundir. Eins má reikna með því að það skapist þörf í Afríku og Suður-Ameríku eftir hjálpar-gögnum frá Kína til að bregðast við kórónuveirunni. Kína virðist vera helsti framleiðandi andlitsgrima og fleira sem nýttist í heimsfaraldrinum. Flugvélar okkar eru góður kostur í löngum flugum þar sem flytja þarf mikinn farm.“

Sveigjanleiki

Hvernig stóð á að þið náðuð þessum fraktviðskiptum? Eru ekki margir aðrir að reyna að ná þessum sömu samningum?

„Að sjálfsgöðu. Þetta lýsir ágætlega hve sveigjanlegur reksturinn er. Við byrjuðum á þremur sambærilegum flugum frá Kína til Íslands og nutum til þess góðrar aðstoðar frá Samgöngustofu, utanríkisráðuneytinu og kinnverska sendiráðuneytinu á Íslandi. Það munar miklu í verkefni sem þessu hve boðleiðir hérlandis eru stuttar. Styrkleiki okkar er að hugsa út fyrir boxið og finna lausnir, gripa tækifærin þegar þau gefast. Starfsmenn Loftleiða, Icelandair Cargo og Icelandair unnu frábært starf við undirbúning þessa verkefnis og flugmenn, hlaðmenn og flugvirkjar hafa framkvæmt flugin af mikilli fagmennsku og útsjónarsemi.

Viðskiptavinur okkar í fyrsta

Boeing 757 í Boeing Max. Við sáum tækifæri í að lengja líftíma Boeing 757 með því að fljúga þeim frá Grænhöfðaeypjum.

Eins og þekkt er byggist viðskiptamódel Ice-landair á því að tengja saman Evrópu og Bandaríkin. Stærsti hluti farþega flugfélagsins nýtir tengiflug. Það er tækifæri til að gera slíkt hið sama á Grænhöfðaeypjum. Með Boeing 757 er hægt að tengja saman fjórar heimsálfur á Grænhöfðaeypjum. Einn af styrkleikum félagsins er að það er með réttindi til að fljúga til Bandaríkjanna en það er ekki algengt á meðal flugfélaga í Afríku.

Hugmyndin er að tengja saman annars vegar Afríku og Norður-Ameríku og hins vegar Evrópu og Suður-Ameríku. Við vorum komin með fjóra áfangastaði í Brasilíu, fjóra í Evrópu, þrjá í Afríku og tvo í Bandaríkjunum. Þegar flogið er frá Bandaríkjunum til Nígeríu er algengt að millilént sé í París. Við getum því stýtt flugtímann heilmikið og Nígería er stór markaður.

Það eru mikil tækifæri í rekstri Cabo Verde Airlines en reksturinn hefur verið erfiðari en við áttum von á. Það þarf að byggja upp sterkari innviði og það er krefjandi. Það var ekki hugmyndin upphaflega en nú stýrir starfsmaður okkar, Erlendur Svavarsson, fyrirtækinu.

Hvað framtíðin ber í skauti sér á eftir að koma í ljós. Við erum að leita að langtímafjármögnun fyrir félagið. Reksturinn verður ekki jafn umsvifamikill á næstunni og skömmu fyrir kórónuveiruna,“ segir Árni.

Í hefðbundnu árferði er megnið af frakt á vegum Icelandair Cargo flutt með farþegaflugvélum.

verkefninu var flutningafyrirtækið DB Schenker. Móðurfélagið í Þýskalandi hafði í kjölfarið samband og óskaði eftir 45 flugum frá Kína til Þýskalands – það er umtalsvert. Í framhaldinu höfðu þeir aðrir viðskiptavinir samband. Það er mikil eftirspurn.“

Góð krisustjórnun

Árni nefnir fleiri dæmi um hve sveigjanlegt Icelandair Group er í rekstri. Samstæðan hafi líka getað brugðist skjótt við eftir hryðju-verkin í Bandaríkjunum 11. september árið 2001, fjármálahrunið 2008 og eldgosíð í Eyjafjallajökli árið 2010. „Við eldgosíð í Eyjafjallajökli var tengiflug Icelandair flutt til Glasgow á skömmum tíma. Það er skólabókardæmi um framúrskarandi krisustjórnun,“ segir hann.

Hvernig er nýtingin á flugvélunum ykkar?

„Nýting á fraktflugvélunum er afar góð. Nýtingin á farþegavélunum, sem að öllu jöfnu er góð, er litil um þessar mundir. Það er gaman að segja frá því að stærsti viðskiptavinur okkar, sem er ríkisflugfélagið í Papúa Nýju-Gíneu, heldur uppi fjórðungi af áætlunarflugi sínu. Það er mun meira en hjá flestum öðrum flugfélögum í heiminum. Það er gert vegna þess að flugfélagið er staðsett á eyju og fjórðungur af áætlunarfluginu er einungis ein flugvél. Flugfélagið flýgur nú sínum á viku til viðbótar við einstaka leiguflug. Almennt er flugfélagið með fjórar flugvélar í alþjóðlegu flugi og við leigjum þeim þær allar.

Við eigum hlut í flugfélaginu Cabo Verde á Grænhöfðaeypjum ásamt íslenskum fjárfestum. Starfsemin þar liggur nú niðri vegna kórónuveirunnar.

Við hugðumst fljúga 18 VIP-flughringinn í kringum hnöttinn í ár. Við höfðum lokið tæplega fimm flugum þegar kórónuveiran blossaði upp. Við vitum ekki hvort flugin verða fleiri í ár. Ég hef engu að síður tröllatrá á því að það skapist mikil tækifæri fyrir flugvélar tvær sem við notum í það flug. Þetta eru stórar flugvélar með tiltölulega fá sæti. Það eru vafalaust margir sem hafa áhuga á að hafa rúmt á milli sín og annarra farþega í ljósi kórónuveir-

unnar. Mögulega munu íþróttalið eða hljómveitir taka flugvélar sínar á leigu. Þær verða markaðssettar af krafti í sumar.

Við höfum ekki getað leigt út margar flugvélar á sumrin því Icelandair hefur nýtt þær í sín flug. Nú skapast tækifæri fyrir okkur að láta að okkur kveða yfir sumartímann á meðan starfsemi Icelandair er takmörkuð.“

Hjálpa hver öðrum

Hvernig hljóða samningarnir um leigu á flugvélum? Fáíð þið ekki greitt nema flogið sé?

„Samningarnir eru á þá vegu að það eigi að borga fyrir leigu á flugvélunum þó ekkert sé flogið. Aðstæður eru með þeim hætti að öll flugfélög í heiminum glíma við mikinn vanda. Rétt eins og okkar birgjar aðstoða okkur hjálpum við okkar viðskiptavinum við að endurskipuleggja reksturinn og endurskipuleggja samninga við okkur.

Við förum ekki fram á fullar greiðslur eins og sakir standa, ekki frekar en okkar birgjar. Á móti er verið að lengja samningana. Þótt reksturinn í ár verði ekki góður erum við að tryggja okkur tekjur þegar fram líða stundir sem voru ekki til staðar fyrir kórónuveiruna. Allir í fluggeiranum verða að taka höndum saman og hjálpa hver öðrum.“

Hver er munurinn á rekstri leigu-flugfélags og flugfélags? Hvort er meiri áhætta eða minni hjá leigu-flugfélögum?

„Flestir myndu segja að það væri áhættusamara að reka leiguflugfélag. En afkoma okkar hefur verið afar stöðug. Það er vegna þess að við leigjum að miklu leyti til lengri tíma flugvélar með viðhaldi. Flugfélög leigja alla jafna flugvélar með áhöfn til skemmri tíma, annað hvort til að jafna skammtímasveiflur eða prófa nýja flugleið í faeina mánuði í stað þess að bæta við flugvél í flotann til margra ára. Þess vegna er almennt talið að rekstur leiguflugfélaga sé áhættusamari.“

Árni segir að alla jafna séu leigusamningarnir með viðhaldi til fjögurra til sex ára, leigusamningar með áhöfn frá þremur til tólf mánuðum og VIP samningarnir séu til þriggja ára.

Varahlutasala í Miami

Hann segir í byrjun árs í fyrra hafi Loftleiðir farið af stað með varahlutasölu í Miami. Þar sé einn starfsmaður. „Við kaupum flugvélar til niðurriffs. Þetta er í raun hluti af því að vera í fluggeiranum. Áður sá deild á vegum Icelandair um þetta en nú sinnir hún einvörðungu þörfum þess flugfélags og við seljum varahluti til annarra.“



Rekstrartekjur HS Veitna námu alls 7,2 milljörðum króna á síðasta ári.

Stóraukinn hagnaður HS Veitna

Hagnaður HS Veitna var 1.592 milljónir króna á síðasta ári og jókst um meira en 130 prósent frá fyrra ári þegar hann var um 682 milljónir króna. Aukningin kemur að stærstum hluta til vegna niðurfellingar á langtimaskuldum félagsins í kjölfar dóms Hæstaréttar í deilumáli þess og HS Orku.

Án áhrifa af umræddri niðurfellingu hefði heildarhagnaður HS Veitna verið ríflega 900 milljónir króna í fyrra.

1,6

milljarðar króna var hagnaður HS Veitna á síðasta ári.

Hæstiréttur staðfesti sem kunnugt er dóm Landsréttar þess efnis að samkomulag HS Orku og HS Veitna frá árinu 2011 um greiðslur síðarnefnda félagsins á hluta af reiknuðum lífeyrisskuldbindingum sem hvíldu á hinu fyrrnefnda hefði verið ólögmaett.

Rekstrartekjur HS Veitna voru um 7,2 milljarðar króna í fyrra, borið saman við 6,9 milljarða króna árið 2018, og þá var rekstrarhagnaður félagsins ríflega 1,7 milljarðar króna árið 2019 og jókst um þrettán prósent á milli ára.

HS Veitur áttu eignir upp á 30,9 milljarða króna í lok síðasta árs en á sama tíma var eigið fé félagsins 14,4 milljarðar króna og eiginfjárlutfallið því 47 prósent.

Lífeyrissjóðirnir Frjálsi, Almenni og Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna bættu við sig í HS Veitum, í gegnum HSV eignarhaldsfélag, á síðasta ári, eftir því sem fram kemur í ársreikningi eignarhaldsfélagsins sem fer með 34 prósent hlut í veitufyrirtækinu. Þá bættist Festa lífeyrissjóður í hluthafahóp eignarhaldsfélagsins með tveggja prósent hlut.

Eins og kunnugt er seldu Akur fjárfestingar og TM samanlagt 29 prósent hlut í HSV eignarhaldsfélagi í fyrra til framtakssjóðsins Innviða fjárfestinga sem er að langstærstum hluta fjármagnaður af lífeyrissjóðum. -kij

Vantar tól gegn grænþvotti

Fjármálaeftirlit Seðlabankans hefur takmarkaðar heimildir til að koma í veg fyrir grænþvott fjárfestinga. Veigamiklar breytingar í farvatninu. Vantar samræmda skilgreiningu á grænum skuldabréfum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Miklar breytingar verða á regluverki fjármála- markaða á næstu árum til að bregðast við aukningu í UFS-flokkun fjárfestinga. Fjármálaeftirlit Seðlabankans hefur takmarkaðar heimildir til að koma í veg fyrir grænþvott fjárfestinga og skortur er á viðurkenndri skilgreiningu á grænum skuldabréfum. Þetta segir Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, í samtali við Markaðinn.

„Takmarkaðar lagaheimildir eru til þess eins og staðan er í dag,“ segir Unnur, spurð hvernig fjármálaeftirlitið geti komið í veg fyrir grænþvott fjárfestinga, þ.e.a.s. að fjárfestingar séu flokkaðar með UFS-þáttum án þess að mikið sé á bak við flokkunina.

„Ef um villandi upplýsingagjöf er að ræða getur fjármálaeftirlitið þó nýtt heimildir í lögum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti,“ bætir hún við.

Ekki eru skýr ákvæði í íslenskum lögum sem kveða á um UFS-fjárfestingar, sem fela í sér að tekið sé tillit til umhverfis- og samfélagsþátta, auk góðra stjórnarháttanna. Þó er kveðið á um að lífeyrissjóðir skuli setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Margir lífeyrissjóðir hafa innleitt UFS-sjónarmið við fjárfestingar til að svara kalli um aukna ábyrgð í umhverfis- og samfélagsmálum og bættu stjórnarhátti. Flestir þeirra hafa stuðst við heimsmarkmið og viðmið Sameinuðu þjóðanna.

Spurð hvort hættu sé á grænþvotti miðað við núverandi löggjöf segir Unnur að svo sé.

„Til að mynda vantar samræmda skilgreiningu á grænum skuldabréfum, sem er viðurkennd af stjórnvöldum. Eitt af meginmarkmiðum fyrirhugaðrar regluumgjarðar, er að draga úr hættunni á grænþvotti og er flokkunarkerfið sem innleitt verður með Taxonomy-reglugerðinni hluti af þeirri umgjörð,“ segir Unnur. Samræming flokkunar sé forsenda þess að hægt sé að framfylgja kröfum varðandi UFS.

„Svokölluð flokkunarfræði (taxonomy) sem unnin hefur verið af sérfræðingum á vettvangi Framkvæmdastjórnar ESB miðar að því að samræma hvernig þessar fjárfestingar eru flokkaðar og metnar,“ segir Unnur. Stefnt er að því að ákvæði Taxonomy-reglugerðarinnar er varða umhverfisþætti, taki gildi í



Unnur Gunnarsdóttir er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.



Eitt af meginmarkmiðum fyrirhugaðrar regluumgjarðar er að draga úr hættunni á grænþvotti.

lok árs 2021 og önnur ákvæði hennar ári síðar.

Hefur fjármálaeftirlitið haft afskipti af fyrirtækjum, stofnunum eða einstaklingum vegna UFS-flokkunar?

„Þar sem ekki eru skýr ákvæði sem kveða á um UFS-fjárfestingar í innlendri löggjöf eru heimildir eftirlitsins takmarkaðar að þessu leyti og því hefur það ekki gripið til aðgerða,“ segir Unnur, en hún bætir við að fjármálaeftirlitið hafi þó gert athugun á beitingu siðferðislegra viðmiða við fjárfestingaákvæðanir lífeyrissjóða síðastliðið haust.

„Niðurstöðurnar voru þær að slík beiting væri ekki langt á veg komin og aðferðafræðin enn í mótun. Líklegt er að fram undan séu breytingar á regluverki lífeyrissjóða, í átt að beitingu UFS-þátta og þeir endur-

spegli þannig þá þróun sem á sér stað á evrópskum lífeyrismarkaði,“ segir Unnur.

Þá nefnir Unnur að við árlegt áhættumat eftirlitsskyldra aðila, er fylgni við eigin stefnu metin sem hluti af mati á stjórnarháttum. „Í þeim tilvikum þar sem félag hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og UFS-þætti, væri það því hluti af áhættumati eftirlitsins að meta hvernig stefnunum er fylgt.“

Veigamiklar breytingar

Unnur segir að gera megi ráð fyrir að stefnumörkun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Green deal) í umhverfismálum muni hafa áhrif á allt regluverk á fjármálamarkaði og veigamiklar breytingar á tilskipunum og reglugerðum séu í farvatninu.

„Evrópusambandið hefur til að mynda innleitt kröfur um UFS í tilskipun um starfstengda lífeyrissjóði. Þótt íslenskir lífeyrissjóðir teljist ekki til starfstengdra lífeyrissjóða, er talið viðeigandi að hafa hliðsjón af EES-löggjöfinni þar sem það á við,“ segir Unnur. Í tilskipuninni er lögð áhersla á mikilvægi UFS-þátta við mótun fjárfestingastefnu og áhættustýringu sjóðanna.

„Etlast er til þess að sjóðirnir geti gert eftirlitsaðilum grein fyrir með

hvaða hætti UFS-þættir eru teknir inn í fjárfestingarferli og áhættustýringu. Einnig er lögð áhersla á almenna upplýsingagjöf um mikilvægi UFS-þátta við fjárfestingaákvæðanir og áhættu þeim tengda,“ segir Unnur.

Seint á síðasta ári var samþykkt reglugerð ESB um upplýsingagjöf varðandi sjálfbærar fjárfestingar á fjármálamarkaði, sem gildir um alla aðila á fjármálamarkaði og gerir kröfur um að þeir birti á heimasíðu sinni hvernig þeir taka tillit til sjálfbærrar áhættu í áhættustýringu sinni og meta áhrif á sjálfbæra þætti. Reglugerðin mun taka gildi innan Evrópu 10. mars 2021 og verða tekin inn í EES-samninginn.

Þá segir Unnur fyrrsæð að gerð verði krafa um að fjármálaþyrirtæki og váttryggingafélög þurfi að taka tillit til UFS-þátta í áhættustýringu og við álagspróf. Lítið enn lengra inn í framtíðina sé áætlað að UFS-þættir verði hafðir til hliðsjónar í árlegu innra mati á eiginfjárbörð fjármálaþyrirtækja (ICAAP) og eigin áhættu- og gjaldþolsmati váttryggingafélaga (ORSA) sem og inn í eftirlitsferlið (SREP/SRP).

Spurð hvenær megi búast við því að nýjar reglur sem varða UFS taki gildi á Íslandi segir Unnur að áætl- aður tímarammi sé næstu 3-5 ár.

Funduðu með forstjóra Haga um breytingu starfskjara

Starfskjaranefnd Haga hafði fundað með Finni Árnasyni, fráfarandi forstjóra smásölufélagsins, til þess að aðlaga starfs-samninga hans og Guðmundar Marteinsonar að nýrri starfskjarastefnu. Starfslok þeirra verða í síðasta lagi í lok júní.

Ljóst hefur verið að gera þyrfti nýja samninga við helstu stjórnendur Haga á grunni breyttrar starfskjarastefnu eins og kom fram í nýlegri umfjöllun Markaðarins, þar sem greint var frá því að Hagar þyrftu að gjaldfæra hjá sér yfir 300 milljóna króna einskiptiskostnað vegna starfsloka Finns og Guðmundar. Í umfjöllun Markaðarins var haft eftir heimildum að ágreiningur um breytingar á launakjörum

með Finni Árnasyni varðandi leiðir til að aðlaga samninga hans og Guðmundar að nýrri stefnu félagsins. Að lokum reyndist ekki þörf á því þar sem bæði Finnur og Guðmundur sögðu upp störfum hjá félaginu.

Starfslok þeirra verða í síðasta lagi í lok júní.



Finnur Árnason, fráfarandi forstjóri Haga. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

væri þó ekki ein af helstu ástæðum starfsloka þeirra.

Við gerð starfskjarastefnunnar var meðal annars horft til þess að betri upplýsingar væru veittar um á grunni hvaða samanburðar heildarlaun stjórnenda byggðust, meira gegnsæi væri um hlutfallið milli fastra og árangurstengdra greiðslna og að fjárhæð kaupauka geti að hámarki svarað til fjögurra mánaða grunnlauna forstjóra.

Nefndin hefur samið um starfskjör Finns Oddssonar, nýráðins forstjóra Haga. Laun hans verða 3,7 milljónir á mánuði auk hefðbundinna hlunninda. Þá var samið um nýtt kaupaukakerfi í samræmi við starfskjarastefnu félagsins.

Finnur fær eins mánaðar kaup-

auka greiddan ef 100 prósentum af áætlunum félagsins um EBITDA, þ.e. afkomu fyrir afskriftir fjármagnsliða og skatta, er náð og annan mánuð til viðbótar ef 110 prósentum er náð. Þá fær hann þriðja mánuðinn greiddan ef samþykktum innri markmiða er náð og þann fjórða ef EBITDA félagsins vex í prósentum meira en neyslúvísitala.

Í tillögum að starfskjarastefnu Haga, sem verður lögð fyrir aðalfund félagsins í júní, hefur verið bætt við ákvæði um að uppsagnarfrestur æðstu stjórnenda skuli vera að hámarki 12 mánuðir. Guðmundur Marteinson, sem hefur starfað hjá Bónus í nærri þrjá áratugi, var með þriggja ára uppsagnarfrest þegar hann sagði upp störfum. -þfh

Lög um vernd uppljóstrara



Helga Melkorka Öttarsdóttir
lögmaður og eigandi á LOGOS



Jónas Már Torfason, laganemi á LOGOS.

Þann 12. maí síðastliðinn samþykkti Alþingi heildarlög um vernd uppljóstrara. Löggjöfin tekur saman á einum stað þá vernd sem uppljóstrarar (e. whistleblowers) njóta fyrir að deila upplýsingum um ólöglega eða ámælisverða háttsemi vinnuveitanda. Hinni nýju löggjöf er ætlað að færa þessa vernd út með almennum hætti. Nær hún hvoru- tveggja til starfsmanna í einkageiranum og til opinberra starfsmanna. Í tilfelli þeirra síðarnefndu er jafnframt lögbundin skylda til uppljóstrunar.

Vernd uppljóstrara er tvíþætt. Annars vegar telst það ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaðurinn er bundinn að ljóstra upp um ámælisverða hátt-

semi vinnuveitandans. Gildir það hvort sem slík trúnaðarskylda er lögð á starfsmanninn samkvæmt lögum eða samkvæmt samningi. Hefur slík miðlun upplýsinga hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð í för með sér. Uppljóstrunin getur heldur ekki leitt til stjórnsýsluviðurlaga eða til íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti, svo sem uppsagnar.

Hins vegar felst í verndinni að tryggja að vinnuveitandi láti ekki starfsmann sinn gjalda fyrir lög- mæta uppljóstrun. Rætt er um óréttláta meðferð, en í henni felst t.a.m. að rýra réttindi, breyta starfs- skyldum á íþyngjandi hátt eða brottrekstur úr starfi. Ef viðkomandi starfsmanni tekst að leiða líkur að því að hann hafi sætt óréttlátri meðferð fellur það í skaut vinnu- veitandans að sanna að ákvörðun sé ekki vegna uppljóstrunarinnar. Ber vinnuveitandanum að greiða bætur fyrir það tjón sem hann veldur með óréttlátri meðferð, bæði vegna fjár- tjóns og miska, takist sú sönnun ekki.

Skilyrði verndar

Vernd samkvæmt lögnum tekur til þess þegar starfsmaður greinir frá upplýsingum í góðri trú, um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi, í starfsemi vinnuveitanda. Þá er jafnframt gerður greinarmunur á svokallaðri innri uppljóstrun og á ytri uppljóstrun.

Með innri uppljóstrun er átt við að upplýsingum sé miðlað innan viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar, s.s. til næsta yfirmanns, eða til



annarra sem stuðlað geti að því að látið verði af háttseminni sem um ræðir. Dæmi um hið síðarnefnda væri miðlun upplýsinga til lögreglu eða annarra eftirlitsaðila, t.d. til Vinnueftirlitsins.

Það telst ytri uppljóstrun þegar starfsmaður miðlar upplýsingum til utanaðkomandi aðila, s.s. fjölmiðla. Ytri uppljóstrun nýtur ekki verndar laganna nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd án fullnægjandi viðbragða og að starfsmaðurinn hafi haft ástæðu til að ætla að umrædd háttsemi gæti varðað fangelsisrefsingu. Í algjörum undantekningartilvikum er ytri uppljóstrun heimil án þess að innri uppljóstrun hafi áður farið fram.

Starfsmaður samkvæmt lögnum telst hver sá sem hefur aðgang að upplýsingum eða gögnum um

starfsemi vinnuveitanda vegna hlutverks síns. Lögin taka bæði til ráðinna starfsmanna og annarra sem starfa fyrir viðkomandi vinnuveitanda, s.s. verktaka eða starfsnema. Uppljóstrun sem nýtur verndar laganna tekur aðeins til starfsemi vinnuveitanda. Þannig væri lögmanni eða presti einungis heimilt að ljóstra upp um ámælisverða háttsemi vinnuveitanda síns, en ekki ámælisverða háttsemi sinna skjólstæðinga.

Þá er það skilyrði verndar að upplýsingum sé miðlað í góðri trú. Með því er átt við að starfsmaður hafi haft góða ástæðu til að telja upplýsingarnar réttar, að það hafi verið í þágu almennings að miðla þeim og að viðkomandi starfsmaður hafi ekki átt annarra kosta vól til að koma í veg fyrir ámælisverða háttsemi. Mann-

réttindadómstóll Evrópu hefur skýrt hugtakið svo að miðlun upplýsinga vegna persónulegrar óvildar eða metnaðar starfsmanns eigi ekki að njóta verndar. Breytingin var gerð til þess að það lægi skýrt fyrir að góðmennska uppljóstrarans sé verndinni óviðkomandi.

Skilyrðið um góða trú á að koma í veg fyrir að miðlun upplýsinga sem á ekkert erindi við aðra njóti verndar. Jafnframt felst í skilyrðinu afsláttur af kröfum til uppljóstrara. Þannig er það ekki skilyrði verndar að upplýsingar sem miðlað er séu raunverulega réttar eða varði raunverulega ámælisverða háttsemi eða lögbrot. Einungis er gerð krafa um að viðkomandi starfsmaður hefði mátt telja að upplýsingarnar væru áreiðanlegar og að þær varði ámælisverða háttsemi.

Verklag á vinnustöðum

Í fyrirtækjum og á öðrum vinnustöðum þar sem starfa 50 eða fleiri starfsmenn er skylda að setja reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna. Skulu þær vera skriflegar og þar skal kveða á um móttöku, meðhöndlun og afgreiðslu tilkynninga um hugsanleg lögbrot eða ámælisverða háttsemi. Jafnframt er Vinnueftirlitinu gert að útbúa fyrirmynd að verklagsreglum sem fyrirtæki á almennum markaði geta lagt til grundvallar og eftir atvikum breytt eftir eigin þörfum.

Meginefni laganna tekur gildi þann 1. janúar 2021, og því ætti svigrúm til innleiðingar á verklagi að vera fullnægjandi.

VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA

L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



Losun hafta á slitabú bankanna: árangursríkt samvinnuverkefni



Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabanka-stjóri.

Í Markaðnum í síðustu viku birtist grein eftir Hörð Egisson um nýútgefna bók Sigurðar Más Jónssonar, „Afnám haftanna – Samningar aldarinnar?“. Hörður fer fremur mjúkum höndum um bók Sigurðar að mati þess sem hér ritar því hún er um margt meingölluð. Megintesa bókarinnar virðist vera sú að hin árangursríka niðurstaða á árinu 2015 varðandi uppgjör slitabúa föllnu bankanna hafi þrátt fyrir tilhneigingu „kerfisins“ til að draga lappirnar, fyrst og fremst fengist vegna stefnufestu þáverandi forsætisráðherra og aðkomu aðila utan stjórnsýslunnar. Undirtesa verksins er að lítið hafi verið gert til að vinna að losun fjármagnshafta áður en ríkisstjórn hans kom til valda.

Til að undirbyggja þessar kenningar þarf ýmsar fullyrðingar sem eru ýmist rangar eða villandi, auk þess sem heilu kaflana vantar í heildarsöguna. Ég er ekki viss um að hér sé endilega um ásetning af hálfu höfundar að ræða. Hann geldur hins vegar fyrir lélega heimildarvinnu og tekur líklega sjálfsupphefjandi sögur ónafngreindra heimildarmanna góðar og gildar. Trúverðugleiki bókarinnar hefði orðið meiri ef hann hefði líka leitað í smíðju þeirra sem stóðu í stafni í þessu máli í Seðlabankanum. Í stuttri blaðagrein er ekki hægt að fjalla um allar missagnir í bókinni né fylla í allar eyður en nokkur atriði eru rakin hér á eftir. Þörf er á að gera ítarlegri greinargerð um málið í heild en það biður betri tíma.

Vatnaskil í ársbyrjun 2015

Hörður vill réttlæga leggja meiri áherslu en gert er í bókinni á hlut Seðlabankans í því að skapa þá vígstöðu gagnvart kröfuhöfum slitabúa föllnu bankanna árið 2012 sem svo vel vannst úr á árinu 2015. Hann dregur líka skýrar fram að vatnaskil urðu í vinnunni við losun hafta þegar hún var endurskipulögð í janúar 2015. Það vantar hins vegar að draga fram að það varð einnig viss stefnubreyting á fyrstu mánuðum ársins 2015 frá þeim hugmyndum sem höfðu töluverðan hljómgrunn í fyrri ráðgjafar- og framkvæmdahópum ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og margir álitgjafar hömpuðu einnig. Þær fólust í afbrigðum og mismunandi blöndum af „gjaldþrotaleið“, „krónuvæðingarleið“ og því sem kallað var „gjaldeyririnn heim“. Þá var um leið oft lögð áhersla á að heimili og fyrirtæki yrðu losuð úr höftum annaðhvort samtímis og slitabú og aflandskrónueigendur, eða á undan.

Því er ekki að leyna að ég hafði töluverðar efasemdir um þessar hugmyndir þar sem ég taldi þær bæði efnahagslega og lagalega áhættusamar og betri í boði. Það fór enda svo að sú leið sem farin var við losun fjármagnshafta á árunum 2015–2017 var meir í samræmi við það sem ég hafði aðhlyst í langan tíma áður, þ.e. „krónuhreinsunarleið“ varðandi slitabúin og að almenn losun hafta á heimili og fyrirtæki kæmi eftir að greiðslujafnaðarvandinn vegna uppgjörs slitabúa og aflandskróna hafði verið leystur eða takmarkaður. Með þessu móti væri líklegast að stöðugleiki yrði varðveittur við losunina



Már Guðmundsson, þáverandi seðlabankastjóri, og Ingibjörg Guðbjartsdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, undirrita eina af mörgum undanþágum vegna uppgjörs slitabúa föllnu bankanna haustið 2015.

Bakgrunn þeirra vatnaskila sem urðu í upphafi árs 2015 er að hluta til hægt að rekja til ársfundar Alþjóðagjald-eyrissjóðsins í október 2014.

og lagalegri áhættu haldið í skefjum. Nákvæm og framkvæmanleg útfærsla á þessu varð hins vegar ekki til fyrr en á árinu 2015 þegar árangursríkt samstarf allra þeirra sem voru hluti af hinu nýja skipulagi skilaði árangri.

Aðgerðir 2012

Í mars 2012 voru slitabú föllnu bankanna með lögum frá Alþingi sett undir fjármagnshöftin. Seðlabanki Íslands hafði frumkvæði að þeirri lagasetningu. Tillaga bankans byggðist á ítarlegri greiningu sem sýndi að án mótvægisáðgerða fælist í uppgjöri slitabúanna alvarlegur greiðslujafnaðarvandi sem myndi að óbreyttu brjótast út í gengisfalli og efnahagslegum og fjármálalegum óstöðugleika. Ekki er lengur efast um mikilvægi þessa skrefs fyrir jákvæða niðurstöðu málsins og Sigurður Már gerir það heldur ekki í sinni bók. Þessi staðreynd stangast hins vegar illa á við fullyrðingar sem víða koma fram í hans bók að Seðlabankinn hafi ítrekað eftir þetta gert lítið úr þeim greiðslujafnaðarvanda sem fólst í þessu uppgjöri. Þá fullyrðingu í grein Harðar að ekki hafi verið einhugur innan bankans um nauðsyn þessarar lagasetningar hef ég ekki heyrt áður og var þó þekktur fyrir það að leyfa fólki innan bankans að víðra skóðanir sínar við mig.

Það var önnur lagabreyting sem gerð varð í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu

Sigurðardóttir sem hafði töluverð áhrif á vinnulag í framhaldinu. Eftir því sem ég fæ best séð er hvergi minnst á hana í bók Sigurðar Más. Hún fólst í því að undanþágur yfir ákveðinni stærð til búa fallinna banka þyrftu staðfestingu ráðherra. Eftir þetta þurfti formlega séð tvö já til að veita slíkar undanþágur. Ég skrifaði sjálfur töluverðan hluta af texta þessara lagabreytingar. Það var tortryggni í þjóðfélaginu og mér var ljóst að árangursrík losun fjármagnshafta krafðist góðrar samvinnu á milli Seðlabankans og ríkisstjórnar hvers tíma og sem viðtækastar pólitískrar samstöðu.

Í bók Sigurðar Más eru því gerðir skórnir að áform hafi verið um að koma með mótvægisáðgerðir gegn greiðslujafnaðarvanda vegna slitabúa föllnu bankanna eftir áramótin 2012/13. Þá var stutt til alþingiskosninga sem fóru fram 27. apríl 2013. Fram höfðu komið hugmyndir að mögulegri lausn sem unnar voru af Steinari Guðgeirssyni lögmanni og fleirum og kynntar voru í ráðuneyti og Seðlabanka. Þær fólu í sér vissa krónuhreinsun en voru að mörgu öðru leyti töluvert frábrugðnar því sem gert var 2015. Þetta var gagnlegt innlegg til að ræða út frá. Tíminn til útfærslu og framkvæmda fyrir kosningar var hins vegar runninn út og engar líkur á að æskileg pólitísk samstaða myndi nást.

Seðlabankinn setti sjálfur ekki fram formlegar tillögur á þessum tíma um losun hafta á slitabú með mótvægisáðgerðum. Það var ekki tímabært og önnur brýnni mál kröfðust athygli sem tengdust forsendum losunar fjármagnshafta. Gengi krónunnar var undir miklum þrýstingi á árinu 2012, ekki sist vegna þess að gerðar höfðu verið of stífar kröfur um endurgreiðslu á svokölluðu Landsbankabréfi og ekki hafði verið hugað nægilega að gjaldeyrissjafnvægi við skil á milli gamla og nýja Landsbankans. Seðlabankinn var ekki hafður með í ráðum. Þau mistök voru sem

betur fer ekki endurtekin þegar kom að losun fjármagnshafta á slitabú á árinu 2015. Seðlabankinn lagði áherslu á, sem lið í því að leysa greiðslujafnaðarvandann, að lengt yrði í Landsbankabréfinu og það varð síðar að veruleika.

Lausnin 2015

Eftir stjórnarskiptin vorið 2013 og fram að nýju skipulagi í janúar 2015 störfuðu tveir hópar í umboði ríkisstjórnarinnar að tillögum um losun fjármagnshafta. Sex manna ráðgjafahópur var skipaður í lok nóvember 2013. Greinilegt var að ágreiningur var í hópnum og skýrsla hans var aldrei birt. Í byrjun júlí 2014 voru fjórir sérfræðingar ráðnir til að vinna í fullu starfi að tillögum um losun fjármagnshafta með aðstoð tveggja valinkunnra erlendra sérfræðinga. Sá hópur náði meiri árangri en náði ekki að landa tillögum varðandi uppgjör slitabúanna sem líklegar voru til árangurs.

Þetta sýnir að verkefnið var ekki eins einfalt og sumir vildu vera láta og að stjórnmalaleg staðfesta var ekki það eina sem þurfti. Eftir á að hyggja held ég að þessi tími hafi ekki farið allur til spillis. Til að ná þeirri samstöðu sem nauðsynleg var þurfti að setja ýmsar þær hugmyndir sem í gangi voru í áfallapróf sem þær náðu ekki allar.

Bakgrunn þeirra vatnaskila sem urðu í upphafi árs 2015 er að hluta til hægt að rekja til ársfundar Alþjóðagjald-eyrissjóðsins í október 2014. Þar gerðist tvennt sem ekki hefur verið áður sagt frá en ég tel nú nauðsynlegt vegna ýmissa rangfærslna sem haldið hefur verið fram. Það fyrra var að fjármálaráðherra og ég áttum fund ásamt fleirum úr sendinefnd ráðuneytisins og bankans þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að endurskipuleggja þetta starf með því að skipa nýjan framkvæmdahóp með beinni aðild fulltrúa Seðlabankans, þéttara samstarfi aðila málsins innan stjórnkerfisins og tíðari

fundum stýrinefndar. Það seinna var að við Jón Sigurgeirsson áttum hádegisverðarfund með Anne Krueger og nokkrum dögum síðar með Lee Buchheit í New York þar sem ég útskýrði sýn mína á vandann og hugmyndir um krónuhreinsunarlausn. Seinna átti Lee Buchheit eftir að útskýra með sinni málflutnings-snilli á fundi stefnumótunaraðila í Reykjavík þá tvo kosti að afla gjald-eyris til að hleypa út krónunum eða að stroka út krónurnar. Umræðan fór að hneigjast að því seinna og á fór að streyma að ósi.

Eitt vantar í bók Sigurðar Más sem er sú mikla vinna sem unnin var í Seðlabankanum á seinni hluta 2015 til að staðfesta að tillögur slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja (sem voru fleiri en stóru búin þrjú) um nauðasamninga væru í samræmi við stöðugleikaskilyrði og afgreiða undanþágur áður en tímafrestur stöðuleikaskattslaga rynni út. Þetta tókst og átti það sinn þátt í því að ferlinu lauk án alvarlegra lagalegra eftirmála. Það kostaði hins vegar að það var stór hópur í bankanum sem tók lítið sumarleyfi það árið. Mitt var 13½ dagur. Í bókinni segir hins vegar: „Lykilmenn í fjármálaráðuneytinu og Seðlabankanum fóru í löng sumarleyfi og sama átti við um framkvæmdahópin...“ (bls. 274)! Þessa sögu verður að segja betur síðar.

Lokaorð

Ekki verður lengra komist í þessari grein og því ekki rúm til að fjalla um persónur og leikendur sem sumum finnst svo mikilvægt. Aðalatriðið er að eftir strangar æfingar og misheppnaðar tilraunir var það stór blandaður kór sem söng lokalagið en ekki karlakvartett. Hann átti þó mjög mikilvægar línur og söng þær vel.


Hér eiga líka við orð Harry S. Truman fyrrverandi forseta Bandaríkjanna: „Það er ótrúlegt hversu miklum árangri þú getur náð ef það skiptir ekki máli hver fær þakkirnar“.

**LG****Business
Solutions**


Slepptu ímyndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG býður upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örpunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp á ótal vegu. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave



Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED**TÖLVU
LISTINN**

NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

Bestu stundirnar eru þær látlausu

Svipmynd

Ragnheiður Harðardóttir

Nám:

■ M.Sc. í hagfræði og cand. oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Störf:

Forstjóri Opinna kerfa. Hef þar áður starfað við fyrirtækjaráðgjöf hjá KPMG, sem fjármálastjóri Senu og fjármálastjóri Opinna kerfa.

Fjölskylduhagir:

Gift þriggja barna móðir.

Ragnheiður Harðardóttir tók við sem forstjóri Opinna kerfa fyrir rúmu ári eftir að hafa starfað sem fjármálastjóri fyrirtækisins. Félagið hafði glímt við rekstrarerfiðleika og var því nauðsynlegt að taka erfiðar ákvarðanir að sögn Ragnheiðar. Hún segir einstaka tilfinningu að sjá alla í félaginu leggjast á árararnar á umbreytingatímum.

Hver er morgunrútinan þín?

Mér finnst best að byrja daginn vel fyrir klukkan sex og fara út að hlaupa með Snæbjörn Þór, stóra labradorhundinn okkar. Þá er ekki verra ef ég næ að henda í eina eða tvær vélar og svara nokkrum tölvupóstum áður en fólkið mitt vaknar.

Hvernig finnst þér best að verja frístundum þínum?

Mér finnst best að verja frístundum með fjölskyldunni minni og það skemmtilegasta sem ég geri er að fara með henni í ævintýraferðir og upplifa nýja hluti á nýjum stöðum. Það sem stendur upp úr síðustu árin er ferðalag um Kosta Ríka annars vegar og hins vegar ferðalag í húsbíl um Bandaríkin. Við eigum þrjá stráka á unglingalsdri þannig að friin eru alltaf að verða ævintýrlegri; flúðasiglingar, zipp-línur, fjallahjólreiðar, ferðir inn í regnskóga og flóttaleikir. Í sumar ætlum við að ferðast meira um fallega landið okkar og skoða betur þá ferðamannastaði sem hafa verið byggðir upp á síðustu árum.

Fátt slær reyndar við góðu kósýkvöldi með strákunum mínum þar sem við horfum á skemmtilega mynd og grillum samlokur, en mér er sagt að þar liggi mínir sönnu hæfileikar. Bestu stundirnar í lífinu eru þær látlausu eins og innileg samtöl við strákana mína eða setja moldugan og þreyttan hundinn í sturtu eftir langa kraftgöngu.

Hápunktur vikunnar getur síðan verið góð gönguferð út fyrir bæjar-mörkin með fjölskyldunni.



Ragnheiði finnst best að byrja daginn vel fyrir klukkan sex. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nærðu að halda jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs?

Það koma álagspunktar bæði í starfi og heima og aðalatriðið er að takast á við það með jafnaðargeði og forgangsraða vel. Er það ekki bara staðalsvarið við svona spurningu? Fer a.m.k. ekki að viðurkenna fyrir alþjóð að ég fari í gegnum daginn eins og skopparakringla með nagandi samviskubit yfir öllum þeim hlutum sem ég hef ekki náð að koma í verk.

Hvað er mest krefjandi í starfinu?

Þegar ég tók við rekstri Opinna kerfa þá hafði félagið glímt við rekstrarerfiðleika og því var nauðsynlegt að ráðast í hagræðingaraðgerðir og taka margar erfiðar ákvarðanir. Á sama tíma höfum við stórsókn í að kynna vöruúrval og þjónustu félagsins betur og fyrir hvað félagið stendur. Það er einstök tilfinning að sjá alla í félaginu leggjast á árararnar á þessum

●● Það getur verið svo ótrúlega gefandi að bjóða lausn á vanda sem viðskiptavinir voru jafnvel ekki búnir að átta sig á að væri til staðar hjá þeim.

umbreytingatímum. Gott dæmi um þetta er t.d. hvernig starfsfólk þjónustuborðsins hefur á addáunarverðan hátt náð að halda háu þjónustustigi á meðan álagið hefur aukist til muna undanfarnar vikur og mánuði.

Eff þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég get ekki hugsað mér að vinna við annað en fjármál og rekstur fyrirtækja umkringd hæfileikaríku fólki. En ætli ég myndi ekki

líka njóta mín sem kennari eða hús-móðir í fullu starfi. Aðalatriðið er að hafa gaman af því sem maður er að sýsla við alla daga.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Síðasta bók sem ég las var nokkuð góð, Talking to Strangers eftir Malcolm Gladwell. Í henni kafar hann ofan í raunverulegar ástæður þess að við botnum stundum ekkert hvort í öðru sem svo veldur alls konar óskunda. Jú, svo eru nokkrar bækur á náttborðinu um tíma-stjórnun sem ég þarf að fara að komast í að lesa.

Hvernig er rekstrarumhverfið að breytast og hvaða tækifæri felast í þeim?

Rekstrarumhverfi flestra fyrirtækja er að breytast gríðarhratt og það er því mikilvægt fyrir þau að ná að einbeita sér að sinni eigin lykilstarfsemi. Ótal fyrirtæki hér á landi eru samt enn að reka sin eigin tölvu-

og netkerfi og eru því heilmikil tækifæri fölgin í því að aðstoða þau við hagræðingu í rekstrarumsjón þeirra.

Helsta áskorunin fram undan er að halda áfram að tryggja að við séum leiðandi í rekstri tölvu- og netkerfa fyrir viðskiptavinum okkar.

Það getur verið svo ótrúlega gefandi að bjóða lausn á vanda sem viðskiptavinir voru jafnvel ekki búnir að átta sig á að væri til staðar hjá þeim.

Hvaða ráðleggingar myndir þú gefa ungu fólki sem er að koma inn á vinnumarkaðinn núna?

Samviskusemi, dugnaður og heiðarleiki gagnvart bæði viðskiptavinum og samstarfsmönnum er það sem þetta snýst allt um. Árangur í viðskiptum snýst um að byggja jafnt og þétt upp fjölda vana- og viðskiptasambanda við fólk sem þekkir mann af góðu og treystir manni.

Jákvæðar breytingar á skattalögum



Ágúst Karl Guðmundsson eigandi hjá KPMG Lögmenn



Jónas Rafn Tómasson eigandi hjá KPMG Lögmenn

tóku gildi þann 13. maí síðastliðinn, fela meðal annars í sér afnám staðgreiðslu af söluhagnaði erlendra aðila af fjárfestingum í hlutabréfum íslenskra félaga og einnig afnám staðgreiðslu af vaxtatekjum erlendra aðila af skráðum skulda-bréfum íslenskra félaga. Þessar breytingar ættu að leiða til þess að kaup skuldabréfa séu fýsilegri kostur í augum erlendra aðila sem aftur ætti að leiða til þess að fjármögnun íslenskra félaga verði einfaldari.

Markverðasta breytingin með lögnum er samt sem áður afnám staðgreiðsluskatts af arðgreiðslum milli innlendra félaga með takmarkaðri ábyrgð.

Afnumin eftir ábendingu KPMG Með breytingum á lögnum hefur staðgreiðsluskylda af arðgreiðslum milli innlendra félaga með takmarkaðri ábyrgð hluthafa verið afnumin.

Félög með takmarkaðri ábyrgð

hluthafa (hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar) sem móttaka arð frá félögum með takmarkaðri ábyrgð hluthafa greiða ekki endanlegan skatt af slíkum arðgreiðslum. Þannig myndar móttaka arðs í slíkum tilfellum ekki skattstofn, enda væri með því móti um tvísköttun að ræða.

Slíkar arðgreiðslur hafa hins vegar til þessa sætt staðgreiðslu og skylda hefur hvílt á greiðendum arðs að skila staðgreiðslunni til innheimtumanns ríkissjóðs. Félögin hafa síðan í sínum skattskilum fært frádrátt frá tekjum og þannig í álagningu fengið endurgreidda fjárhæð sem nemur afdreginni staðgreiðslu. Hefur þessi framkvæmd haft það í för með sér að móttakendur arðs hafa í raun verið að veita ríkissjóði lán, sem nemur 22% af arðsfjárhæðinni, í allt upp undir tvö ár í sumum tilfellum. Fyrir laga-breytingu var eina undanþágan frá

●● Hefur þessi framkvæmd haft það í för með sér að móttakendur arðs hafa í raun verið að veita ríkissjóði lán í allt upp undir tvö ár í sumum tilfellum.

staðgreiðslu og skilaskyldu til staðar þegar arður var greiddur milli aðila sem höfðu fengið heimild til samsköttunar.

Eftir ábendingu frá KPMG um að afdráttarskyldan fæli í raun í sér óhagræði fyrir bæði greiðendur og móttakendur arðs, auk þess sem ríkissjóður hefði ekki tekjur af þeirri staðgreiðslu sem skilað væri, var gerð breyting á fyrirliggjandi lagafrumvarpi á þá vegu að lagt

var til að staðgreiðsluskylda skyldi afnumin þegar um er að ræða arðgreiðslur milli innlendra félaga með takmarkaðri ábyrgð.

Rétt er að taka fram að breytingin á ekki einungis við um hefðbundinn arð, heldur einnig arð sem greiðist við lækkun hlutafjár og við úthlutun við slit félaga, þ.e. þann hluta við úthlutun verðmæta sem er umfram stofnverð hlutafjárins. Lagabreytingarnar tóku gildi sama dag og lögin voru samþykkt.

Viðspyrnan mikilvæg

KPMG Lögmenn hafa fylgst náið með efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 og hafa veitt ráðgefandi álit með lagafrumvörpum sem snúa að íslenskum skattarétti. Á þessum tímum er einkar nauðsynlegt að leggja áherslu á að auðvelda fjárfestingu innlendra og erlendra aðila í íslensku efnahagslífi. Viðspyrnan hefur aldrei verið jafn mikilvæg og nú.



ÞAÐ ER
EINFALT AÐ STOFNA
BRÚÐARGJAFALISTA
Á KUNIGUND.IS

Vandaðar brúðargjafir

15% kaupauki til brúðhjóna sem stofna brúðargjafalista


ROSENDAHL
COPENHAGEN


GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904


ROYAL COPENHAGEN
PRESENTED TO HER MAJESTY THE QUEEN OF DENMARK


KAY
BOJESSEN
DENMARK


iittala


Villeroy & Boch
1748

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is

Skotsilfur



Stokkað upp

Brotthvarf Ernu Gísladóttir og Stefáns Árna Auðólfssonar úr stjórn Haga sætir tíðindum en þau höfðu setið hvað lengst stjórnarmanna í stjórn smásölurísans. Stjórninni hefur þannig verið skipt út með öllu á aðeins tveimur árum en í kjölfar aðalfundar Haga í næsta mánuði verður Davíð Harðarson, sem var fyrst kjörinn í stjórnina sumarið 2018, reynslumesti stjórnarmaðurinn. Er talið líklegt að **Eiríkur S. Jóhannsson**, stjórnarformaður Samherja, eins stærsta hluthafa Haga, taki við stjórnarformennsku í smásölurísanum af Ernu.



Eiginhagsmunir

Margir auglýsingamenn eru svekktir yfir því hafa ekki fengið að stýra umfangsmikill herferð til að laða að erlenda ferðamenn. Á tímum samdráttar í efnahagslífinu eru störf á auglýsingastofum í húfi. Eigendur Pipars, **Guðmundur Hrafn Pálsson** og Valgeir Magnússon, hafa látið í ljós gremju sína. Hún er skiljanleg. Á það ber að líta að það eru mun meiri hagsmunir undir að fá ferðamenn til Íslands. Samkeppnin á milli landa verður mikil þegar kórónuveiran sleppir takinu. Það er eðlilegt að erlend stofa hafi verið hlutskörpust í útboði enda með betri skilning á erlendum neytendum en heimamenn.



Ekki markmið

Sumir vinstirimenn halda röt-tækustu skoðunum sínum í skefjum á opinberum vettvangi til þess að missa ekki trúverðugleika. **Halla Gunnarsdóttir**, framkvæmdastjóri ASI, er ekki í þeim hópi. Hún talaði fyrir því að allir ættu að vera á sömu launum og fyrir eignajöfnuði. Slíkt hefur margoft verið reynt og endar ætíð með ósköpum. Nema í hugarheimi margra í verkalyðsforystunni. Allsherjar jöfnuður kæfir frampröun og ógnar þar með heilbrigðiskerfinu og lífsgæðum landsmanna. Jöfnuður er ekki markmið, eins og Halla sagði. Hagsæld er leiðin fram veginn.



Útlit fyrir hægna bata í Kína



Þrátt fyrir að daglegt líf sé öðum að færast í eðlilegar skorður í Kína óttast greinendur að langur tími kunni að liða þar til hagkerfi landsins nær að jafna sig að fullu eftir kórónufaraldurinn. Kínverska hagkerfið dróst sem kunnugt er saman á fyrsta fjórðungi ársins eftir áratugavöxt. Á meðan framleiðslugeirar í landinu sýna batamerki eru afköst í meirihluta fyrirtækja talin vera um helmingi minni en í venjulegu árferði. MYND/GETTY

Sókn nýsköpunar er hafin



Sigríður Mogensen
sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins.

Við stöndum nú frammi fyrir stóru og krefjandi verkefni sem er að skapa tugi þúsunda nýrra starfa. Hvernig förum við að því? Svárið liggur í því að skapa ný verðmæti. „Þetta er lítið skref fyrir mann en risastökk fyrir mannkynið,“ sagði Neil Armstrong á tunglinu fyrir um hálfri öld síðan. Þannig verða framfarir gjarnan. Með auknum stuðningi við nýsköpun tóku þingmenn í síðustu viku risastökk í átt að bjartari tímum aukinnar velmegunar.

Nýsköpunar er þörf alls staðar, í öllum atvinnugreinum, á öllum tímum. Án hennar staðnar hagkerfið. Við höfum verið rækilega minnt á það síðustu vikur að fjölbreytt og öflugt atvinnulíf er grundvöllur velferðarsamfélags. Með nýsköpun verða til aukin verðmæti úr takmörkuðum auðlindum. Á sama tíma skapast ný verðmæti úr hugvitinu einu saman. Nýsköpun

rennir þannig styrkari stoðum undir atvinnuuppbyggingu, ýtir undir framþróun í rótgrónum atvinnugreinum og byggir upp nýjar greinar.

Ný störf verða ekki til nema með því að skapa forsendur fyrir aukinni verðmætasköpun. Með breytingunum á Alþingi í síðustu viku hækkar endurgreiðsluhlutfall rannsókn- og þróunarkostnaðar úr 20% í 35%. Þá hækkar þak endurgreiðslu úr 600 milljónum króna í 1.100 milljónir króna. Með fjárákúlögum voru framlög til nýs fjárfestingarsjóðs hins opinbera, Kríu, einnig hækkuð og heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í nýsköpunarsjóðum rýmkaðar. Þá var skattfrádráttur einstaklinga vegna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum aukinn, úr 50% af 10 milljón króna fjárfestingu í 75% af 15 milljónum króna. Framlög til Tækniþróunarsjóðs voru einnig nýlega aukin um 700 milljónir og 300 milljónum til viðbótar veitt í Nýsköpunarsjóð námsmanna. Með þessum heildstæðu aðgerðum hefur verið tekin ákvörðun um að fjárfesta í framtíðinni.

Til þess að tryggja kröftuga viðspyrnu efnahagslífsins þarf einmitt að taka úthugsaðar ákvarðanir í dag með sókn í huga og skýra framtíðarsýn að leiðarljósi. Þúslíð hefur tekið á sig mynd. Nú þegar fjármögnunarumhverfi nýsköpunar er að taka stakkaskiptum er því vert að huga

Getur verið að við höfum ekki enn uppgötvað og virkjað verðmæta útflutningsauðlind, samfélagið okkar?

að öðrum samliggjandi þáttum. Einn þeirra snýr að mannauði og þekkingu.

Samtök iðnaðarins, í samvinnu við Íslandsstofu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, setti á laggirnar vefsíðuna „Work in Iceland“ í september 2019. Vefurinn er heildstæð upplýsingagátt á ensku sem hefur það markmið að kynna Ísland sem ákjósanlegan stað til búsetu og vinnu, í þeim tilgangi að laða fólk með sérfræðiþekkingu til landsins. Mikil tækifæri felast í því að efla þekkingu á ýmsum sérhæfðum sviðum hér á landi og taka á móti hámenntuðum sérfræðingum og frumkvöðlum. Skortur á sérfræðiþekkingu hefur verið hindrun í vegi vaxtar margra hátækni- og hugverkafyrirtækja.

Getur verið að við höfum ekki enn uppgötvað og virkjað verðmæta útflutningsauðlind, samfélagið okkar? Íslenskt samfélag er einstakt á heimsvísu. Með því að markaðssetja íslenskt samfélag, og alla þá

kosti sem það býr yfir, getum við laðað til okkar frumkvöðla og fólk með sérfræðiþekkingu og þannig stutt enn frekar við eflingu nýsköpunar hér á landi með tilheyrandi margföldunaráhrifum á verðmætasköpun. Við eigum ekki eingöngu í samkeppni við aðrar þjóðir um sölu á því sem er framleitt hér á landi, heldur einnig um hæfileikaríkt fólk. Samkeppnin um hugvit og þekkingu er hörð og samfélagsgerð okkar er forskotið í þeirri alþjóðlegu samkeppni. Hundrað erlendir sérfræðingar sem koma til Íslands með þekkingu og reynslu til að skapa ný verðmæti, með tilheyrandi snjóboltaáhrifum og fjölgun starfa, gætu verið meira virði en hundrað þúsund ferðamenn til lengri tíma.

Með því að fjölga stöðum verðmætasköpunar og útflutningsleggjum við grunninn að traustum og sjálfbærum hagvexti og velmegun til langrar framtíðar. Hagkerfið verður með því einnig betur í stakk búið til að taka á móti áföllum af þeim toga sem við höfum nú þurft að gera, hvort sem um ræðir alþjóðlega fjármálakreppu eða heimsfaraldur. Sóknin felst í nýsköpun og virkjun hugvitsins, sem er ótakmörkuð auðlind. Tækifærin eru endalaus. Alþingi hefur með breytingum á umgjörð nýsköpunar markað brautina. Nú þarf að halda vegferðinni áfram. Sókn nýsköpunar er hafin.

Þetta er öðruvísi núna

RÁÐDEILDIN


Konráð Guðjónsson
hagfræðingur
Viðskiptaráðs



Nú þegar efnahagshamfarir COVID-19 taka að birtast er gagnlegt að þær séu bornar saman við fjármálakreppuna 2008. Miðað við að áratugagamlar tillögur um visitölufyrstingu og annað sambærilegt endurómi nú virðast sumar grundvallarbreytingar gleymast í þeim samanburði.

Ein stærsta breytingin frá 2008 er að of mikil skuldsetning heimila

Skuldir og vextir við upphaf kreppu



¹Skuldasetningarhlutfall=Heildarskuldir/Heildareignir. ²Ekki hafa verið birtar nýrri tölur, þróun skulda og eignaverðs gefa ekki tilefni til að hlutföllin hafi breyst í meginatriðum frá 2017. ³Vextir skv. aurbjörg.is 18. maí og verðbólga í apríl sl.

» Ein stærsta breytingin frá 2008 er að of mikil skuldsetning heimila og fyrirtækja er ekki sjálfstætt vandamál líkt og áður.

og fyrirtækja er ekki sjálfstætt og almennt vandamál líkt og áður. Miðað við síðustu tölur voru t.a.m. þrefalt fleiri sem skulduðu meira en þeir áttu 2008 samanborið við

2017. Þá eru skuldir mun lægri í hlutfalli við landsframleiðslu. Þessu til viðbótar eru bæði vaxtastig og verðbólga brot af því sem það var árið 2008.

Stundum er gert grín að hagfræðingum þegar þeir segja að staðan sé allt öðruvísi núna en hún er það sannarlega hvað þetta varðar. Vissulega er augljósara en að Íslendingar elska að fara í sund að Kófið mun hafa slæmar afleiðingar fyrir fjölda fyrirtækja og heimila. Tímanum okkar er betur varið í að leysa úr orsökum þess, sem birtist í 18% atvinnuleysi, en ekki afleiðingunum, sem birtist í að skuldir verða íþyngjandi eins og svo margt annað.

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU



SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson



Tvær tímalínur

Þólitísk forysta ræður úrslitum um velgengni þjóðar. Klúður vinstri-stjórnarinnar í kringum Icesave og árangur næstu ríkisstjórnar í viðræðum við erlenda kröfuhafa gömlu bankanna eru andstæður sem sýna okkur mikilvægi þess að við stjórnvölinn sé stefnufast fólk með skýra sýn á hin stóru hagsmunamál þjóðarinnar. Fordæmalaus niðurstaðan í uppgjöri gömlu bankanna var lykilþáttur í endurreisn íslenska efnahagslífsins. Þetta var ekki sjálfgefin niðurstaða eins og nýútkomin bók, Afnáam haft-anna – Samningar aldarinnar?, eftir Sigurð Må Jónsson varpar ljósi á. Auðvelt er að gera sér í hugarlund mun verri niðurstöðu ef aðrir stjórnmálamenn hefðu fengið að ráða för.

Efnahagslegar hamfarir ríða yfir og nú er útlit fyrir að lands-framleiðsla dragist saman um 13 prósent á þessu ári samkvæmt grunnsviðsmynd Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka atvinnu-lífsins. Ef sviðsmyndin rætist mun taka á bilinu þrjú til sjö ár að vinna upp framleiðslutapið að gefnum mismunandi for-sendum um hagvöxt næstu ára. Til þess að unnt sé að vinna upp tapið á sem skemmstum tíma og leggja grunn að áframhaldandi lífskjarasókn er nauðsynlegt að marka skýra og skynsamlega stefnu. Ekki er síður mikilvægt að til forystu veljist fólk sem býr yfir þeim eiginleikum sem þarf til að fylgja stefnunni fast eftir.

Sumir hafa nú þegar dæmt sig úr leik. Þingmaður Samfylk-ingarinnar fullyrðir að tíðöldun á umfangi listamannalauna og mikil fjölgun opinberra starfs-manna sé leiðin út úr kreppunni. Hann veltir upp þeim möguleika að ríkið eignist ráðandi hlut í Icelandair, flugfélagi sem glímir við heljarinnar rekstrarvanda. Samfylkingin leggur áherslu á magn umfram gæði og dælir út hugmyndum sem eru óskynsam-legar og illa grundaðar. Þanka-gangurinn á bak við þær er ekki dýpri en svo að ríkið stórauki útgjöld í alls konar verkefni sem hljóma vel í eyrum þingmanna flokksins. Á hinum endanum eru Píratar sem hafa lítið til málanna að leggja. Þess í stað gera þeir sér leik að því að drekkja starfs-mönnum ráðuneyta í tilgangs-lausum fyrirspurnum.

Hagsæld þjóðarinnar á næsta áratug, rétt eins og á hinum fyrri, mun ráðast af því hverjir veljast til forystu og hvernig tekið verður á stórum hagsmunamál-um þjóðarinnar sem fram undan eru. Ef flokkar með delluhug-myndir og daufan vilja komast til valda verður efnahagsbatinn lengri en ella. Hann verður sjö ár í stað þriggja, og tími og tækifæri glatast.

UMHVERFIÐ

ÁSTRÍÐA

HREINT

Guðjón Ó

VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Erna hættir í stjórn Haga

Erna Gísladóttir, stjórnarformaður Haga, og Stefán Árni Auðólfsson, sem setið hefur í stjórn smásölu-félagsins frá árinu 2013, gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn félagsins á aðalfundi í næsta mánuði.

Tilnefningarnefnd Haga leggur til við hluthafa að þær Eva Bryndís Helgadóttir, lögmaður á LMB Mandat, og Jensína Kristín Böðvarsdóttir, ráðgjafi hjá Valcon con-sulting, taki sæti í stjórn félagsins í þeirra stað.



Erna Gísladóttir.

Aðrir núverandi stjórnarmenn, þau Davíð Harðarson, Eiríkur S. Jóhannsson og Katrín Olga Jóhannesdóttir, bjóða sig fram til endurkjörs og eru jafnframt á fyrrnefndum lista tilnefningarnefndarinnar.

Eignarhaldsfélag Ernu, sem er for-stjóri og eigandi bílaumboðsins BL, fer með 9,2 milljónir hluta, að virði um 450 milljóna króna, í Högum en félagið festi kaup á bréfunum í nóvember í fyrra. – kj

17.05.2020

Við getum ekki verið hér eins og íslenski hesturinn. Hann er bara varinn hér og engir aðrir mega koma af því að hann hefur verið ein-angraður svo lengi. Við munum þurfa að opna og við vitum það.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamálaráðherra.

Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

pwc

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar